



Reykjavík 2025

Skólanámskrá 2025



**Einkunnarorð og gildi leikskólans eru sýnileg á deildum skólans
og unnið er eftir þeim í hvívetna í öllu starfi skólans**

Einkunnarorð leikskólans Vinaminnis eru:

Leikurinn á vísdom veit

Leikurinn er aðal námsleið barnanna í leikskólanum.

Í gegnum leikinn öðlast þau vísdom og vísdom.

Gildi leikskólans Vinaminnis eru:

Virðing – Gleði – Traust

Með því að starfsfólk sýni samstarfsfólki og börnum virðingu og gleði myndast traust manna á milli og börnin læra að treysta starfsfólki skólans. Þá ríkir gleði og vinátta sem gerir það að verkum að öllum líður vel. Undir þeim kringumstæðum þroskast börnin á sínum forsendum.

Efnisyfirlit

1	Saga leikskólans Vinaminnis	3
2	Skólanámskrá leikskólans Vinaminnis	4
3	Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis	4
4	Uppeldisstefna – Hugmyndarfræði leikskólans Vinaminnis	5
4.1	Berit Bae	5
4.2	Urie Bronfenbrenner	7
4.3	Jean Piaget	8
5	Markmið leikskólans Vinaminnis	9
6	Samstarf og samskipti	10
7	Sérstaða leikskólans Vinaminnis	11
8	Grunnþættir menntunar	18
8.1	Heilbrigði og velferð	18
8.2	Sköpun	19
8.3	Sjálfbærni og vísindi	20
8.4	Lýðræði og mannréttindi	22
8.5	Jafnrétti	23
8.6	Læsi	24
9	Leikur barna	26
10	Þjónusta í þágu farsældar barna	29
11	Skóli án aðgreiningar – Inngilding – fullgilding	30
12	Mat á námi og velferð barna	31
13	Fjölskyldan og leikskólinn	33
14	Tengsl skólastiga	36
15	Daglegt líf í leikskóla	37
16	Hefðir og hátíðir	38
17	Útivera og hreyfing	44
18	Foreldrafélag – foreldraráð	45
19	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	46
20	Menntastefna Reykjavíkurborgar	46
21	Öryggisvörður – öryggistrúnaðarmaður	47
22	Skipulagsdagar	48
23	Lokaorð	48

1 Saga leikskólans Vinaminnis

Leikskólinn Vinaminni er sjálfstætt starfandi leikskóli sem er starfræktur í Asparfelli 10 111 Reykjavík en hann tók til starfa 14. janúar 1994. Í upphafi var rými fyrir 47 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Eftir fjórtán ára starfsemi skólans eða haustið 2011 bauðst rekstraraðilum húsnæðið við hliðina á leikskólanum þ.e. í Asparfelli 12 til afnota fyrir leikskólann. Í framhaldi af því stækkaði leikskólinn um helming og rúmar hann í dag 86 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Leikskólinn er starfandi í u.þ.b. 650 fermetra húsnæði á fyrstu hæð í íbúðarblokk við Asparfelli 10-12 Reykjavík.

Húsnæðið skiptist í fjórar deildir, Töfrastein sem er með 4 leiksvæði og aðgang að smiðju, Völustein með tvö leiksvæði auk aðgangi að smiðju, Dvergastein tvö leiksvæði auk aðgangi að smiðju og Álfastein með tvö leiksvæði auk aðgangi að smiðju. Einnig er skáli (fataklefi), snyrtingar, bókasafn, smiðja, eldhús, kaffistofa og undirbúningsherbergi sem er jafnframt fundarherbergi og aðstaða fyrir einstaklingsstuðning. Útileiksvæðið er búið leiktækjum frá Barnasmíðjunni.

Aðgengi að leikskólanum er frá Yrsufelli en þar eru nokkur bílastæði sem foreldrar geta lagt í en einnig er aðgengi frá Drafnarfelli en þar eru næg bílastæði.

Leikskólinn hefur búið við þá sérstöðu í gegnum árin að hann hefur alltaf haft nóg af starfsfólki og fengið einstaklega gott fólk til starfa en fagfólk hefur verið í kringum 40-50% af heildarfjölda starfsmanna. Ávallt hafa einn til tveir starfsmenn verið ráðnir aukalega í skólann til að hægt sé að sjá til þess að sem minnst röskun verði á starfi barnanna vegna veikinda starfsmanna. Það hefur skilað sér í því að ekki hefur þurft að senda börn heim vegna manneklu enda haldast oft í hendur veikindi starfsmanna og barna. Þegar Covid19 geislaði sluppu starfsmenn ótrúlega vel hvað varðar að veikjast af faraldrinum og var það ekki fyrir en öllum takmörkunum hans var aflétt að 16 starfsmenn skólans veiktust á sama tíma. Í fyrsta skipti í sögu skólans þurftu börnin, að skiptast á að koma í skólann annan hvern dag í eina viku.

Í byrjun árs 2024 návar tiltekið 14. janúar voru stór tímamót í sögu skólans en þá hafði hann starfað í 30 ár. Af því tilefni var foreldrum, starfsmönnum og velunnurum skólans boðið til afmælisfagnaðar.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessu þrjátíu og eina ári og jákvæð þróun í starfinu með börnunum hefur átt sér stað. Lögð er rík áhersla á að skapa notalegt andrúmsloft, vellíðan barna og starfsmanna og séð til þess að fjölbreytni sé í verkefnavali barnanna svo þau nái að þroskast á eigin forsendum í gegnum leikinn og leikskólastarfið í heild. Börnin í leikskólanum hjálpa til við að skipuleggja leikskólastarfið, þau ákveða hvaða viðfangsefni eru í boði á valsvæðunum, hvaða þema þau vilja vinna að í hópastarfi, vísdomsstundum, hópavinnu og stöðvavinnu auk þess sem þau koma með hugmyndir að hinum ýmsu verkefnum í smiðju.

Íslenskt mál og málþroski leikskólabarnanna hefur verið stjórnendum skólans hugleikið í mörg ár og mikil áhersla lögð á að vinna með gott og innihaldsríkt málumhverfi og málörvunarstarf í skólanum. Í Vinaminni hafa fagaðilar unnið hörðum höndum að því að leggja traustan grunn að málfarslegri getu barnanna í skólanum því með góðum málþroska barnanna er grunnur lagður til frekara náms og framtíðar þeirra. Íslenskan er lykillinn að íslensku samfélagi.

Í leikskólanum njóta börnin félagslegrar ánægju og félagsþroska með góðum vinum, en félagsfærni er sá þáttur í þroskaferli barna sem er hvað mikilvægastur fyrir vellíðan og velgengni þeirra til framtíðar auk málþroskans. Í Vinaminni er lögð áhersla á að hverju barni líði vel félagslega, þeim eru kennd göðvild, vinapæl og að setja sig í annarra spor í samskiptum við önnur börn.

Jákvætt viðhorf til barnanna, viðurkenning og þolinmæði gefur börnunum óhindrað tækifæri til þroska.

Sólveig Einarsdóttir
Framkvæmdarstjóri
Leikskólans Vinaminnis

2 Skólanámskrá leikskólans Vinaminnis

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Aðalnámskrá leikskóla er gerð á grundvelli 13. gr. laga um leikskóla, nr. 90/2008. Efnislega byggist hún á markmiðum 2. gr. laga um leikskóla og er ætlað að vera leiðarvísir fyrir leikskólastarf.

Aðalnámskráin er ígildi reglugerðar og í henni er kveðið nánar á um hlutverk leikskóla á grundvelli laga um leikskóla og reglugerða um menntun, uppeldi og umönnun í leikskóla. (Tilvitnun lýkur.)

Leikskólanum Vinaminni ber því að starfa eftir Aðalnámskrá leikskóla sem er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum. Leikskólinn gerir sína eigin námskrá sem styðst við áherslur Aðalnámskrár, áherslur leikskólans í heild og framtíðarsýn hans, Barnasáttmálann og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skólanámskrá leikskólans Vinaminnis er endurgerð á 5 til 7 ára fresti og koma allir starfsmenn skólans, foreldraráð skólans og elstu börnin að endurgerð námskrárinnar.

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Þar eiga börn að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti. Litið er á börn sem virka borgara og þátttakendur þar sem hver og einn fær tækifæri til að leggja sitt af mörkum til að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Í skólanámskrá leikskólans Vinaminnis er fjallað um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Markmið skólanámskrár er að skipuleggja uppeldi og nám barna, að stuðla að skilvirkri starfi og að gera leikskólastarfið sýnilegt. Þar er einnig gerð grein fyrir þeim faglega grunni sem leikskólinn byggir starfið á auk þeirra áherslna sem skólinn setur sér í kennslu og menntun nemenda skólans. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og á námið sem þar fer fram að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólastarfi eru börnin í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem grunnþættir menntunar, námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leiki barnanna.

Í leikskólanum Vinaminni er unnið metnaðarfullt fagstarf þar sem hverju barni er mætt á eigin forsendum. Áhersla er lögð á að byggja upp gott foreldrasamstarf með virkri þátttöku foreldra. Í leikskólanum starfar vel menntað og áhugasamt starfsfólk sem er mikilvægasta aflið í allri starfsemi skólans.

Í uppeldisstarfi Vinaminnis er stuðst við kenningar ýmissa kennimanna og má þar helst nefna Ure Bronfenbrenner, Berit Bae og Piegat.

3 Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis

Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska.

Starfsmenn leikskólans Vinaminnis leggja mikinn metnað í starf skólans. Það er markmið starfsmanna að börnin fái þroskavænlegt leikskólastarf þar sem samvinna, jafnrétti, kærleikur, vellíðan og farsælt nám barnanna er í fyrirrúmi. Endurmat skólastarfsins fer fram að vori, allir starfsmenn skólans og elstu börn skólans vinna að endurmatinu (sjá [Starfsáætlun Vinaminnis](#)) og foreldraráð gefur starfsáætluninni umsögn og kemur með athugasemdir ef við á.

Við endurmat er farið yfir fundargerðir deildarstjórafundar, deildarfundar, foreldraviðtala, starfsmannafundar og allar skráningar og umbætur sem unnið hefur verið að jafnóðum í skólastarfinu yfir skólaárið. Umbótaáætlun er gerð út frá fyrrnefndum skráningum en einnig eru nýir þættir og starfsaðferðir skoðuð sérstaklega fyrir starfsáætlun næsta skólaárs.

Starfsáætlun fyrir hvert skólaár er tilbúin 30. júní ár hvert.

Eins og áður segir gefur foreldraráð starfsáætluninni umsögn og öllum foreldrum skólans er gefið tækifæri til að koma með hugmyndir og athugasemdir að skólastarfinu yfir skólaárið sem starfsmenn skólans vinna síðan með og taka tillit til.

4 Uppeldisstefna – Hugmyndarfræði leikskólans Vinaminnis

Námskrá leikskólans Vinaminnis mótast af þeim áherslum sem lagðar eru í Aðalnámskrá leikskóla, af stefnu leikskólans og þeim aðstæðum sem hann býr við, Barnasáttmálanum auk menntastefnu Reykjavíkurborgar. Hér er átt við ytri aðstæður og umhverfi leikskólans og þann faglega og persónulega bakgrunn sem mótar viðhorf leikskólakennaranna og starf.

Uppeldisstefna leikskólans byggist á kenningum Urie Bronfenbrenner um atferlismótun, samspil einstaklingsins við umhverfi sitt og áhrif þess á námsgetu barna. Ennfremur hugmyndir Berit Bae um þróun sjálfsins út frá samspili barna og fullorðinna í leikskólanum og hugmyndir Piaget um það hvernig börn tileinka sér þekkingu. Hér verður gerð grein fyrir nokkrum hugmyndum Beritar Bae, Urie Bronfenbrenner og Jean Piaget.

4.1 Berit Bae

Hugmyndir Beritar Bae eiga fyrst og fremst rætur sínar að rekja til gagnvirkniskenninga sem einblína á samspil a.m.k. tveggja einstaklinga þar sem markmiðið er þróun sjálfsins. Sjálf barnsins eða sjálf hins fullorðna þróast fyrst og fremst með jákvæðum hætti með því að ákveðnar forsendur eru fyrir hendi í samspili viðkomandi einstaklinga.

Bae er því upptekin af því hvaða forsendur liggja að baki þróunar sjálfins og með hvaða hætti starfsfólk leikskóla vinnur að þróun sjálfsins hjá börnunum. Hún hefur einnig skoðað með hvaða hætti þróun sjálfsins hjá hinum fullorðnu gerist en að mati Bae helst þetta í hendur.

Í rannsóknnum sínum telur Bae sig m.a. komast að því að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsmanna í leikskólanum gagnvart börnunum og starfsfélögum skapi forsendur fyrir þróunarmöguleikum þessara aðila.

Bae hefur sett fram nokkur hugtök og verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra hér. Þessi hugtök eru: nálægð, viðurkenning, skilgreiningarvald, ígrundun, tengsl, samspil og að efla samkennd.

Nálægð

Hugtakið nálægð er hægt að skilgreina sem ferli þar sem viðkomandi ákveður að nálgast ákveðinn einstakling eða einstaklinga. Hann vill kynnast honum með opnum huga, viðhorfum hans, hugsunum og löngunum. Hér verður að vera einlægur vilji til nálgunar. Ég verð að vilja kynnast barninu eða samstarfsfélögum og þannig forðast t.d. að mynda mér skoðanir á viðkomandi út frá einhverjum öðrum þáttum heldur en að hafa raunverulega kynnst viðkomandi. Það að vilja vera í nálægð við einhvern skapar forsendur fyrir því að geta viðurkennt viðkomandi.

Viðurkenning

Hugtakið viðurkenning beinist að því að vilja í einlægni stuðla að þroska viðkomandi. Viðurkenning er ein mikilvægasta forsenda þroska sjálfsins. Viðurkenning er grundvölluð á ákveðnu jafnræði. Tengslin eða samspilið getur ekki orðið á jafnræðisgrundvelli ef annar aðilinn í samspilinu lítur á sig sem minni máttar eða æðri hinum og þá verður engin viðurkenning í samspilinu. Viðurkenning hins fullorðna felur í sér að viðhorf hans til barnanna sé að það hafi rétt til sjálfstæðra hugsana. Þetta eru þínar hugsanir, þetta eru svo mínar.

Börn hafa rétt til að hafa eigin reynslu og upplifanir. Hinn fullorðni þarf ekki að samþykkja þær sem réttar en barnið fær leyfi til að hafa sínar eigin skoðanir og tjá sig um þær án þess að vera niðurlægður. Samspil getur því ekki verið viðurkennandi ef annar aðilinn í samspilinu lítur á sig sem meira virði en hinn eða þann sem alltaf veit hvað hinum er fyrir bestu.

Bae talar um hugtakið staðfestingu. Bae telur að börnin leiti eftir staðfestingu varðandi hegðun sína og gjörðir. Hvernig hinn fullorðni staðfestir gjörðir barnanna í viðum skilningi hefur áhrif á þroskamöguleika barnanna. Staðfestingin tekur til margra þátta og er því ákaflega vandmeðfarin og gefur hinum fullorðna mikið vald til að ákvarða hvað er rétt og hvað er rangt. Enn fremur, hvað er leyfilegt og hvað er ekki leyfilegt. Staðfesting gengur út á samspil milli góðs og ills, þess sem er rétt og þess sem er rangt. Hér er því tekist á um siðferðileg atriði.

Skilgreiningarvald

Skilgreiningarvald vísar til þess að ákveðin persóna t.d. leikskólakennarinn gegnir ákveðinni stöðu og með því að vera í þessari stöðu fær hann vald til að ákvarða um gjörðir barnanna í leikskólanum.

Í kenningum um gagnvirkt samspil eru viðurkennandi tengsl forsenda þróunar sjálfsstjórnar. Því er skilgreiningarvald í þessum skilningi mikilvægur áhrifavaldur í allri mannlegri þróun. Hvernig svörun leikskólakennarans er gagnvart barninu, í orðum og athöfnum, hverju hann svarar og hverju hann svarar ekki, í því liggur raunverulegt skilgreiningarvald.

Barn er háð þeim viðbrögðum sem það fær frá leikskólakennaranum m.t.t. að byggja upp eigin sjálfmynd. Þetta er „ég í þessum aðstæðum“ „ég í leikskólanum“ „ég í árekstrum við vin minn“.

Að misnota vald og skilgreina einhliða einstaklinga getur valdið því að viðkomandi sem er „minni máttar“ verður bundinn viðkomandi „valdhafa“.

Margt bendir til að leikskólakennarinn sem tileinkar sér slíkt afterli stuðli síður að því að þróa sjálfstætt sjálf heldur miklu frekar vinni hann að því að gera barnið óöruggt og að um bindingu geti orðið að ræða, með neikvæðum formerkjum. Barnið verður ósjálfstætt, hættr að treysta á sjálf sig en treystir þess í stað á leikskólakennaranum.

Við notum og/eða misnotum skilgreiningarvald meðvitað og ómeðvitað í öllu samspili. Til að skilgreina hvenær skilgreiningarvaldið veldur tjóni í samspilinu telur Bae að hinn fullorðni þurfi að ígrunda samspilið og aðgreina hugsanir sínar, langanir og ætlanir þannig að viðkomandi viti hvað er mitt og hvað er þitt í samspilinu.

Ígrundun

Berit Bae bendir á í kenningum sínum að ígrundun og aðgreining sé mikilvæg til að þekkja eigin tilfinningar og skoðanir. Hvað er mitt og hvað er þitt. Skoðun barns, skoðun fullorðins, ný hlið. Til að vera heill í hinu viðurkennandi atferli þarf viðkomandi að gera sér grein fyrir eigin viðbrögðum. Í dagsins önn er oft auðvelt að grípa inn í til dæmis þegar börn eru að gera eitthvað sem ekki er ætlast til að þau geri. Við þess konar aðstæður skiptir mjög miklu máli hvernig leikskólakennarinn tekur á málum. Óígrundandi leikskólakennari grípur inn í og dæmir um hvað er rétt og hvað er rangt. Hver hefur á réttu að standa og hver ekki. Tilfinningar hér og nú geta tekið yfirhöndina og hætta er á að þær verði ráðandi um það hvernig hann leysir málin. Í samvinnu við foreldra, börn og samstarfsfólk verður kennarinn að vera vel ígrundandi og aðgreina skoðanir sínar frá skoðunum annarra til að geta myndað sér sína eigin skoðun.

Tengsl

Bae telur sig hafa fundið í rannsóknum sínum að það er alltaf eitthvert annað barn sem fylgist með samskiptum tveggja (fullorðins og barns). Þegar leikskólakennarinn er í leik með barni og önnur börn eru nálægt er oftast a.m.k. eitt af þeim sem hættr í leik sínum, stoppar augnablik og fylgist með því sem fram fer. Bae telur þetta sérstaklega áberandi þegar miklar tilfinningar eru í samspili þessara tveggja.

Við slíkar aðstæður er áhorfandinn að læra um samskipti. Áhorfandinn lærir jafnvel meira af þessum samskiptum en barnið sem er virkt í samspilinu. Það lærir hvað má og hvað má ekki og það lærir hverju það sjálft má búast við af leikskólakennaranum við svipaðar aðstæður. Þannig þarf leikskólakennarinn að vera meðvitaður um að hann er ekki eingöngu að hafa áhrif á barnið sem hann er í virkum samskiptum við heldur er hann einnig samtímis óbeint að hafa áhrif á þróun og þroska hugsanlegra áhorfenda.

Leikskólakennarinn þarf að þjálfast með sér þá færni að mæta því þegar fleiri en eitt barn sækjast eftir athygli hans. Hann verður að vera viðbúinn því að vera truflaður í samskiptum við eitt ákveðið barn og deila athyglinni milli barnsins sem hann er að sinna og þeirra barna sem koma til hans.

Bae telur að það sé grundvallaratriði hvernig leikskólakennaranum tekst að sýna barninu sem kemur viðurkennandi viðmót hvað varðar hvernig viðkomandi barni finnst að hugsað sé um það.

Leikskólakennarinn þarf að mæta slíkri truflun á viðurkennandi hátt með því t.d. að stoppa augnablik og hlusta á vandamálið og gefa viðhlítandi svar og þá munu börnin fara í burtu án neikvæðra tilfinninga, óróleika eða reiði.

Hins vegar valda lítt ígrunduð viðbrögð og lítt viðurkennandi atferli, s.s. að leikskólakennarinn láti í ljós pirring yfir því að vera truflaður og segi að þau verði að bíða eða tala við annan leikskólakennara, því að börnin upplifa að þeirra tilfinningar og líðan er lítils virði og einungis þeirra vandamál, „öllum er sama um mig“. Slík framkoma hefur þær afleiðingar að börnunum fer að líða illa, þau verða reið og geta byrjað að eyðileggja fyrir öðrum.

Samspil

Við viljum leggja mikla áherslu á að sérhvert barn fái sértæka athygli og að einstaklingurinn og hópurinn sem slíkur spili vel saman þannig að þroskamöguleikar allra verði sem mestir. Við viljum leggja áherslu á að leikur og starf fari saman og að leika sér sé gleðigjafi. Á sama hátt sé það gleðigjafi að taka þátt í marg-

breytilegu starfi. Þannig viljum við leggja áherslu á að samstarf hafi jákvæð áhrif á félagsandann og þar með félagshæfni barnanna. Hópurinn þarf að vera fyrir einstaklinginn og einstaklingurinn fyrir hópinn. Þetta er ekki alltaf létt og í raun kannski alltaf erfitt.

Að efla samkennd

Að mati Berit Bae kemur samskiptahæfni barna ekki síst fram í hringleikjum og hópleikjum hvers konar. Slik verkefni skapa samkennd og hóptilfinningu. Hér skipa viðhorf og gjörðir leikskólakennarans höfuðmáli þar sem það er oft þannig að ekki vilja öll börn vera með eða þá að þau fara ekki eftir reglum.

Bae telur að mismunandi leiðir séu vissulega færar til að efla samkennd við slíkar leikaðstæður. Ein leið er að minna á reglur á leikandi hátt, án þess að gera það leiðrétta eða að minna á villur.

Við slíkar aðstæður fylgja börn leiknum mun betur eftir án þess að þau verði feimin eða sýni mótþróa. Þegar þetta er mynstrið eru börnin lítið upptekin af því að leiðrétta hvert annað.

Ströng leiðrétting gerir órólegt barn enn órólegra, samtímis því sem börnin í kring taka efti því að eitthvað er að.

Bae segir, til þess að gæði einkenni hópstarfið verður hinn fullorðni að þjálfar með sér þá færni að fylgjast vel með þroskamöguleikum einstaklinganna sem eru hluti af hópnum.

Bae segir að það sé erfitt að skilja það sem gerist í samskiptum milli barns og fullorðins án þess að líta á það sem gerist í samskiptum milli hinna fullorðnu í unhefinu. Hún telur að óskýr og órugg viðbrögð fullorðinna sín á milli geti orðið til þess að ekki sé hlustað á það sem börnin eru að segja með orðum sínum og athöfnum og þá er illa farið fyrir hinu fagmannlega leikskólauppeldi sem allir leikskólar keppa að.


4.2 Urie Bronfenbrenner

Grundvallarsjónarmið Urie Bronfenbrenner er að einstaklingurinn er afurð af gagnvirkum samspili hans við umhverfi sitt. Þetta samspil framkallar ákveðið atferli hjá einstaklingnum. Grunnhugsunin er sú, að einstaklingurinn er í eðli sínu virkur og skapar því umhverfi sitt að nokkru leyti. Samtímis er umhverfið virkt og breytilegt. Þetta leiðir af sér víxlverkun og aðlögun. Eftir viðtækar rannsóknir telur hann sig hafa komist að þeirri niðurstöðu að einstaklingurinn hafi ótrúlega mikla hæfileika til að aðlagast sig að margbreytilegum og ólíkum kröfum. Þetta leiðir til þess að einstaklingurinn bregst ólíkt við í ólíku efnislegu og menningarlegu samhengi. Þannig þarf leikskólakennarinn að vera meðvitaður um þarfir, þroska og vilja hvers og eins barns. Hvernig umhverfið er skipulagt getur skipt grundvallarmáli. Barn getur sýnt neikvæða og uppreisnargjarna hegðum við ákveðnar aðstæður, en verið ljúft og gott og hvers manns hugljúfi við aðrar aðstæður.

Bronfenbrenner hefur sett fram athyglisverða kenningu um hvernig hann sér ytri uppbyggingu umhverfis-þátta. Í kenningu sinni setur hann fram hugmyndir um fjögur meginkerfi sem einstaklingurinn er þátttakandi í. Þessi kerfi mynda hringi sem hringast hver utan um annan. Þannig er barnið ekki eingöngu hluti af einu umhverfiskerfi heldur fleiri kerfum sem hvert hefur áhrif á annað.

Bronfenbrenner er mjög upptekinn af því innihaldi sem er í samspili einstaklingsins við umhverfi sitt, hvernig einstaklingurinn upplifir umhverfið og hvernig einstaklingurinn upplifir hlutverk sitt í hinum mismunandi kerfum.

Fjögur megin kerfin eru þessi: smákerfi, miðkerfi, fjarkerfi og heildarkerfi.



Á þessari mynd sést hvernig smákerfin (MICROSYSTEM) eru næst barninu, þ.e. heimilið, leikskólinn, þar er barnið virkur þátttakandi. Þegar tvö eða fleiri smákerfi mynda tengsl verður til nýtt kerfi, miðkerfi (MESOSYSTEM). Hér er meðal annars átt við samspil á milli heimilis barnsins og leikskólans. Hvernig samskiptum á milli þessara kerfa er háttáð getur haft afgerandi áhrif á þroska og líðan barnsins. Fjarkerfi (EXOSYSTEM) er fyrir utan barnið það er kerfi sem samanstendur af aðgerðum, ákvörðunum og tengslum sem barnið er ekki virkur þátttakandi í en getur haft mikil áhrif á þroska þess. Hér getur verið um að ræða vinnustaði foreldra o.s.frv. Þessi þrjú kerfi sem hér hafa verið kynnt mynda kerfi sem Bronfenbrenner velur að nefna heildarkerfi (MACROSYSTEM). Þessi þrjú kerfi eru staðsett innan ákveðinnar menningarheildar. Þar ríka ákveðin hugmyndafræðileg, fjárhagsleg, söguleg og stjórnmálaleg gildi. Í heildarkerfinu liggja fyrir ákvarðanir um lög og reglur samfélagsins. Leikskólalög, barnalög, vinnulöggjöf o.s.frv. sem meðal annars hafa áhrif á uppeldis-skilyrði barna.

4.3 Jean Piaget

Á þeim 50 árum sem svissneski sálfræðingurinn Jean Piaget hafði fylgst með og rannsakað viðbrögð barna uppgötvaði hann margt í hugsunarferli barna á svipuðum aldri. Út frá því byggði hann kenningu um vitsmunabroska mannsins.

Eftirfarandi eru nokkrar lykilhugmyndir um það hvernig börn læra og vaxa vitsmunalega samkvæmt Piaget.

Hugsun barna er frábrugðin hugsunum fullorðinna, ekki aðeins meginlega heldur líka eiginlega.

Börn búa ekki endilega yfir minni upplýsingum en fullorðnir, heldur vinna þau úr þessum upplýsingum á annan hátt. Í meginatriðum hafa börn mismunandi leiðir til að skoða heiminn og ákvarða raunveruleikann.

Andleg þróun gengur í gegnum ákveðin stig og þessi stig eiga sér stað í fastri röð. Röðin er sú sama fyrir öll börn, þó að sum geti farið frá einu stigi til annars örllítið fyrr eða síðar en önnur. Þessi stig mynda stigveldi sem er hvert og eitt frábrugðið því sem áður var en hvert um sig felur einnig í sér fyrra stig. Hvert stig einkennist ekki svo mikið af ákveðnum hugsunum, heldur af mögulegum hugsunarhætti.

Tvö fyrstu stiginn sem tengjast börnum á leikskólaaldri eru:

Skynhreyfistig 0 til 2 ára

Barnið treystir á að snerta, finna og nota skynfærin til að kynnast heiminum. Að læra að hlutirnir halda áfram að vera til jafnvel þegar barnið getur ekki séð þá er mikilvægur hluti af þessu stigi. Piaget kallar þetta varanleika hluta, og það er forveri skynjunarstöðugleika, á foraðgerðastigi (hlutirnir eru eins þó þeir séu séðir frá mismunandi sjónarhornum).

Foraðgerðarstig 2 til 7 ára

Þetta stig samanstendur af tveimur undirstigum, hinu forhugsanlega (2-4 ára) og síðan innsæi (4-7 ára).

Á báðum undirstigum treystir barnið enn á að nota skilningarvitin, en getur í auknum mæli notað tungumál og orð til að tákna hluti sem ekki eru sýnilegir.

Hugsunin er sjálfhverf. Barnið sér ekki aðeins hlutina frá sínu sjónarhorni, heldur er ómeðvitað um að sjónarhorn annarra gæti ekki verið það sama og sitt. Ennfremur heldur barnið að margt af því sem gerist í heiminum hafi verið skapað í eigin tilgangi og þágu. Frekar en að nota rökfræði, rökstyður barnið fyrir aðgerð og útskýrir atburði á grundvelli innsæis um tilfinningar og hvernig hlutirnir líta út fyrir því.

Stig andlegs þroska ákvarðar í raun hvað barn getur lært og hvernig það lærir. Hugsun kemur frá athöfnum, ekki frá orðum. Börn læra því best af raunverulegri reynslu eða af því að gera, frekar en af því að heyra um. Þetta er ekki þar með sagt að skólabarn eigi að fá að gera tilraunir með það sem það kys yfir daginn. Það er á ábyrgð kennarans að skapa umgjörð fyrir þroskandi upplifun með mikilli undirliggjandi uppbyggingu til að tryggja framfarir og reglu í sýn barns á raunveruleikann.

Þegar barn uppgötvar og skilur heiminn sinn í gegnum reynslu, endurskipuleggur það hugarfar sitt sem gerir því kleift að takast á við sífellt flóknari upplýsingar.

Barn tileinka sér eða tekur inn nýjar upplýsingar sem breytir hugsunarmynstri þess til að vera í samræmi við nýjar hugmyndir og upplýsingar.

Kjarninn í því að barn læri um heiminn er að á hverju þróunarstigi tekur það virkan þátt í byggingu veruleikans. Þetta er ekki hægt að þvinga utan frá, heldur verður að koma innan frá barninu. Persónulegur þroski barnsins, reynsla og félagsleg samskipti hafa öll áhrif á sýn þess á raunheiminn.

5 Markmið leikskólans Vinaminnis

Markmið leikskólans Vinaminnis í starfinu með börnunum taka mið af lögum um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla, þeim áherslum sem leikskólinn leggur til grundvallar að starfinu með börnunum, grunnþáttum menntunar, Barnasáttmálanum og menntastefnu Reykjavíkurborgar.

- *Að börnin fái tækifæri til að taka þátt í merkingarbæru starfi og hafi áhrif á val á viðfangsefnum leikskólastarfsins*
- *Að veita börnunum læsishvetjandi umhverfi, stuðla að góðu íslensku máli, og styðja við og hjálpa þeim börnum sem standa höllum fæti í íslenskunni.*
- *Að efla sköpunarhæfileika barnanna, gagnrýna hugsun og að styrkja þau í að finna lausnir*
- *Að hvetja börnin til sjálfstæðis, sjálfsvitundar og styðja þau í trú á eigin getu og samskipti þeirra einkennist af virðingu og jafnrétti óháð uppruna og margbreytileika.*
- *Að styrkja andlega, líkamlega og félagslega velliðan barnanna*
- *Að styðja við þroska og þarfir barna með fötlun og sérþarfir, inngilding - fullgilding*
- *Að veita börnunum tækifæri til að kynnast náttúru, umhverfi, menningu og samfélagi*
- *Að börnin öðlist hamingju og gleði í leikskólastarfinu og þau finni sig hluta af heild*
- *Að samstarf foreldra og leikskóla sé traust og opið, að foreldrar komi með uppbyggilega gagnrýni á starf leikskólans sem leiðir af sér metnaðarfullri menntun barnanna svo nám og velliðan þeirra verði meira og betra.*

Leiðir að markmiðum leikskólans Vinaminnis

Í skólanámskránni koma fram þær leiðir sem farnar eru að markmiðum skólans.

Allt starf leikskólans stuðlar að því að öll börn skólans öðlist það nám, þá færni og þroska sem kveðið er á um í Aðalnámskrá leikskóla, áherslupáttum skólans sem lagðar eru til grundvallar að leikskólastarfinu, Barnasáttmálanum og stefnu Reykjavíkurborgar.

Lögð er áhersla á að öll börn skólans fái merkingarþætt starf sem hvetur þau áfram í þekkingarleit sinni og þau hafi um það að segja hvaða viðfangsefni eru í boði hverju sinni.

Inngilding - fullgilding á einnig sinn sess í starfinu í leikskólanum.

6 Samstarf og samskipti

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Markviss samskipti og góð kennsla stuðlar að námi og aukinni hæfni barna og ungmenna. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennarar leiðbeina börnum og ungmennum í námi og mati á því og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigða lífshætti. Þeir leitast við að skapa góðan skólalag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. (Tilvitnun lýkur)

Áherslur í stjórnun leikskólans Vinaminnis sjá til þess að faglegt, lærdómsríkt, fjölbreytt og skemmtilegt leikskólastarf fari fram með börnunum. Samskipti og samstarf stjórnanda skólans þurfa að vera til fyrirmyndar, þ.e. opin, jákvæð, heiðarleg og stjórnendur þurfa að geta tekið gagnrýni, þeir þurfa að vera góðir hlustendur og fyrirmyndir.

Stjórnendum ber að virða alla starfsmenn börn og foreldra, taka tillit til óska þeirra og athafna að vera hvetjandi og góðar fyrirmyndir. Andrúmsloft í leikskólanum skapast af stjórnunarháttum og framkomu stjórnanda við aðra starfsmenn, foreldra og börn skólans. Stjórnendur þurfa að sýna sér og öðrum mildi svo að góður árangur náist.

Starfsmenn leikskólans

Í öllu starfi í leikskóla er starfsmannahópurinn mikilvægasta aflið. Starfsmannahópurinn þarf að vinna markvisst að þeim sameiginlegu markmiðum og starfsaðferðum sem leikskólinn hefur sett sér. Leikskólakennararnir leiðbeina ófaglærðu starfsfólki á jákvæðan og viðurkennandi hátt þannig að það eflist og fái notið sín í starfi. Leikskólakennarar miðla af reynslu sinni til starfsfólks og kenna því fagleg vinnubrögð. Hver starfsmaður þarf að fá að njóta sín í starfi. Öll samskipti, bæði barna og fullorðinna, skapa forsendur fyrir frekari þroska viðkomandi aðila. Hjálpssemi og gleði meðal starfsmanna eru góðir siðir í starfi skólans en þannig næst góður starfsandi og notalegt andrúmsloft sem smitast til barnanna.

Framkvæmdarstjóri er yfirmaður leikskólans og ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri leikskólans. Leikskólastjóri er einnig sérkennslustjóri og ber ábyrgð á uppeldisstarfinu dags daglega. Deildarstjórar bera ábyrgð á uppeldisstarfi og foreldrasamstarfi sinna deilda í samráði við leikskólastjóra. Fagfólk og leiðbeinendur deilda vinna í samstarfi við deildarstjóra að uppeldisstarfi sinnar deildar. Fagaðilar hafa yfirumsjón með sérkennslu í samstarfi við deildarstjóra og leikskólastjóra. Matráður og aðstoðarmaður í eldhúsi sjá um matartilbúning og þvotta. Ræsting og þrif er aðkeypt þjónusta.

Í Vinaminni eru rúmlega 24 stöðugildi starfsmanna sem starfa með börnunum. Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu og þær upplýsingar sem starfsmenn fá um börnin og fjölskyldur þeirra er trúnaðarmál, eins þær upplýsingar sem starfsmenn fá um samstarfsfólk sitt. Þagnarskylda helst þó látið sé af starfi.

Markmið:

- *Að hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að njóta sín í starfi*
- *Að starfsmenn tileinki sér þær gagnreyndu jákvæðu aðferðir í samskiptum við börn skólans sem reynst hafa vel í skólalaginu og tileinki sér þann kenningalega grunn sem starfað er eftir og kemur fram í skólanámskrá skólans*
- *Að stuðla að því að hver og einn starfsmaður fái að rækta sína sérhæfileika og sérþekkingu og efla þar með þroska sinn og sjálfstraust innan starfsmannahópsins og í starfi sínu með börnunum*

- *Að hvetja starfsfólk til að koma með eigin hugmyndir og gera því kleift að skipuleggja og framkvæma þær*
- *Að efla jákvæð samskipti, gleði, virðingu, traust og hjálpssemi bæði starfsmanna á milli og eins milli starfsmanna og barna*
- *Að starfsmenn af erlendum bergi fái hvatningu og stuðning, tækifæri og skilning við að tileinka sér íslenskt mál og aðlagast íslensku samfélagi*

Áætlun um menntun og fræðslu starfsólks

Starfsmenn fara á námskeið/fyrirlestra minnst fjórum sinnum á ári. Allir starfsmenn fara á námskeið í fyrstu slyshjálpi barna annað hvert ári. Á skipulagsdögum eru fengnir fræðimenn með námskeið og fyrirlestra sem tengjast starfi skólans og starfsmenn hafa óskað eftir að fá. Einnig eru kvöldnámskeið með fræðslu fyrir starfsmenn tvisvar til þrisvar á ári eða leikskólinn er með ráðstefnu fyrir starfsmenn skólans þar sem margir fræðimenn koma með fræðslu. Foreldrafélagið sér um námskeið fyrir foreldra og starfsfólk einu sinni á ári.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári. Leikskólastjóri veitir starfsmönnum einum í einu viðtal. Starfsmenn fá tækifæri til að ræða um það sem þeir óska hverju sinni auk þess sem leikskólastjóri leggur ýmsar spurningar fyrir starfsmenn um t.d. líðan þeirra á vinnustaðnum, áhuga á starfinu, framtíðarsýn, hvað þeir gera vel og hvar þeir vilja bæta sig o.s.frv. Starfsmenn setja sér markmið og ákveðið er næsta samtal. Starfsmannasamtöl eru trúnaðarsamtal og eiga að veita starfsmönnum velliðan, traust og öryggi og löngun til að gera betur á vinnustaðnum.

7 Sérstaða leikskólans Vinaminnis

Foreldramorgunverður

Leikskólinn Vinaminni hefur þá sérstöðu í starfi skólans að flesta föstudagsmorgna ársins er foreldrum boðið að koma í morgunverð með börnunum. Þessa daga er morgunverðurinn frá kl. 7:30 til kl. 9:00 Foreldrar geta komið kl. 7:30 og borðað morgunverð með barninu og skilað því svo inn á deild kl. 8:00 ef dvalartíminn hefst þá. Í boði er hafragrautur, nýtt brauð úr bakaríinu, ýmiss konar álegg, mjólk, kaffi og vatn. Þetta er liður í því að efla samstarf milli foreldra og skólans. Fátt er öflugra í foreldrasamstarfi en að foreldrar komi inn á vinnustað barnsins síns og eigi með því notalega gæðastund yfir morgunverðinum. Foreldrar (og stundum afar og ömmur) hitta aðra foreldra og starfsmenn skólans. Þessi þáttur í foreldrasamstarfinu er gríðarlega vinsæll og margir foreldrar koma alla föstudagsmorgna með barninu sínu í morgunverð meðan aðrir koma sjaldnar og enn aðrir aldrei.

Vísdomsstundir

Vísdomsstundir elstu barnanna eru sérstaða leikskólans. Í Vísdomsstundum svo og í öllu starfi með börnunum er lögð áhersla á einkunnarorð skólans „*Leikurinn á vísdom veit*“.

Í Vísdomsstundum fá börnin tækifæri til að þjálfa með sér ýmis konar færni og má þar nefna:

- Taka virkan þátt í samræðum um almenn málefni.
- Hlusta hvert á annað og skiptast á skoðunum.
- Taka þátt í heimspekilegum umræðum.
- Vinna saman og aðstoða hvert annað.
- Hafa val um verkefni og vinnubrögð.
- Hafa áhrif á starf stundarinnar.
- Bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.



Vísdomsstundir eru tvisvar í viku. Unnið er markvisst að undirbúningi fimm ára barnanna fyrir áframhaldandi skólagöngu og brúað bilið milli leik- og grunnskólans. Fimm ára börnin þurfa á því að halda að fá annars konar viðfangsefni, meira krefjandi og fá fleiri tækifæri til að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þau þurfa að njóta þess að vera elst í leikskólanum því þegar þau koma í grunnskólann verða þau lengi „lítill“ og yngst. Elstu börnin fá viðfangsefni sem önnur börn í leikskólanum fá ekki, ýmiss konar spil, kubbar, skrifbækur, stærðfræði o.s.frv.

Kennarinn byrjar haustið á því að vinna með tilfinningar með börnunum. Börnin ræða saman um tilfinningar sínar t.d. hvað gerir þau reið, glöð, einmana, sorgmædd o.s.frv. (Ein tilfinning er tekin fyrir í einu í hverri stund) og hvað þau geti gert undir þessum kringumstæðum. Börnin eru dugleg að segja frá tilfinningum sínum en þau skiptast á að segja frá. Kennarinn skrifar svör barnanna á flettistöflu og hljóðar orðin um leið. Börnin læra þarna hver lesáttin er og þau læra orð sem koma fyrir aftur og aftur í textanum. Börnin og kennarinn lesa svör barnanna sameiginlega yfir áður en þau teikna mynd út frá umræðu stundarinnar. Börnin segja kennaranum hvað þau voru að teikna en kennarinn skrifar aftan á myndirnar hvað börnin segja um myndirnar sínar. Í næstu stund er textinn á flettistöflunni lesinn sameiginlega yfir aftur og rifjað upp hvað var rætt í síðustu stund áður en hafist er handa við næsta málefni sem ýmist börnin eða kennarinn ákveða.



Með þessari vinnu eru börnin að efla frásagnarhæfni sína og orðaforða, setningaskipan og þau læra að takast á við tilfinningar sínar. Í umræðunni heyra þau að það eru allir í barnahópnum sem þurfa að takast á við sömu

vandamálin t.d. þegar þeim er strítt þau meiða sig og svo frv. Þau hjálpat að við að finna lausnir á neikvæðum tilfinningum eins og ef þeim er strítt og ef einhver stríðir vininum.

Eftir áramót er unnið í leiklist í Vísdomsstundum en börnin velja sér hlutverk og gera sögu í kringum hlutverkin sín, þau sauma sér leikbúninga og gera leikmynd. Þessi vinna krefst mikillar samvinnu, rökræðna og skoðanaskipta meðal barnanna en þau ráða algjörlega ferðinni í þessu verkefni og vinna verkefnið á sínum forsendum. Leiklistin eykur orðaforða barnanna, samskiptahæfni þegar þau þurfa að ákveða í sameiningu hvernig hlutirnir eiga að vera og ímyndunarafl þeirra flæðir ótakmarkað. Þau velja sér efni, sníða bakstykki og framstykki, þau velja sér þráð og nál, þræða nálina í augað og sauma, stinga sig á nálinni og s.frv. Í leiklistinni læra börnin að taka ábyrgð á hlutverki sínu, standa fyrir framan fjölda fólks og leika hlutverk sitt. Lögð er áhersla á að skapa skemmtilegt og uppbyggilegt starf í gegnum leik þar sem þjálfuð er upp margskonar færni s.s. rökhugsun, tjáskipti og reglusemi. Lýðræði ríkir og stundum fer fram kosning ef börnin eru ekki sammála um málefnið.

Að vori, nánar tiltekið eitt föstudagskvöld, gista elstu börnin í leikskólanum eina nótt. Börnin skemmta sér vel í leikskólanum þetta kvöld, leikmyndin er sett upp og síðasta æfing fer fram en nú í leikbúningunum. Næsta dag koma foreldrar, systkini, ömmur og afar til að sjá leiksýninguna, börnin fara í sparifötin eftir sýninguna og þau eru útskrifuð úr Vísdomsstundum. Börnin fá rós, eintak af sögunni sinni innbundinni og viðurkenningu fyrir að hafa tekið þátt í Vísdomsstundum síðasta skólaárið. Börnin bjóða gestum sínum kaffi og veitingar í tilefni hátíðarinnar.

Markmið með vísdomsstundunum eru:

- *Að börnin þjálfist í að hlusta hvert á annað, hjálpast að, bera virðingu fyrir skoðunum hvers annars og setja sig í annarra spor*
- *Að börnin þjálfist í að þekkja og ráða við tilfinningar sínar*
- *Að börnin öðlist dýpri skilning á hugtökum og öðlist margskonar færni, rökhugsun, tjáskipti, reglusemi, sjálfstæði, vináttu og jafnrétti*
- *Að stuðla að því að leikurinn sé ráðandi afl í þeim verkefnum sem börnin taka sér fyrir hendur*

Hópastarf næst elstu barnanna

Hópastarfið með næst elstu börnum skólans hefur sérstöðu í skólanum. Hópastarfið fer fram einu sinni í viku og velja börnin sér ákveðið þema til að vinna með yfir veturinn. Mjög algengt er að börnin velji að vinna með dýr t.d. húsdýr, fugla, landdýr, sjávardýr o.s.frv.

Byrjað er alltaf á því að börnin gera þekkingarvef um efnið en það þýðir að kennarinn skráir allt sem börnin vita um efnið. Kennarinn leggur síðan inn fræðslu um efnið og þá í formi frásagna, myndbanda, mynda eða komið er með hluti að heiman sem tengjast þemanu eins og ef unnið er með húsdýrin er komið með hnakk, beisli, rokk, ull, markatöng svo eitthvað sé nefnt. Þegar verkefnið er komið vel á veg er bætt á þekkingarvef barnanna en nú er skráningin með öðrum lit en í upphafi svo það sjáist hvað börnin hafa lært. Í hópastarfsstundunum eru börnin að vinna ýmis verkefni tengd innlögnum, það getur t.d. verið að leira dýrið sitt, draga mynd af dýrinu í gegn á ljósaborði, teikna eftir mynd af dýrinu, flokka, kubba dýrið, teikna dýrið klippa það og líma á annað blað.



Umræður barnanna um viðfangsefnið eru skráðar og svo eru samvinnuverkefni þar sem allur barnahópurinn er að vinna og leysa verkefni saman.

Í upphafi vetrar þegar börnin hafa ákveðið hvaða þema þau ætla að vinna með er farið í námsferð á stað sem tengist þemanu, getur það t.d. verið í Húsdýragarðinn, á Sjóminjasafnið eða Náttúrufæðistofnun allt eftir eðli verkefnis barnanna. Mikil og góð reynsla er af því að heimsækja þessa staði og starfsfólkið sem tekur á móti barnahópnum hefur aðlagð leiðsögnina um safnið að þema hópastarfsins svo það tengist verkefnum barnanna sem mest.

Eftir áramót byrjar vinna barnanna við lokaverkefnið. En þá velja börnin hvert sitt dýr til að vinna með (ef unnið er með dýraþema). Börnin velja sér myndir af dýrunum sínum sem eru prentaðar út en myndirnar eru vinnuskjöl barnanna allt vorið. Börnin eru hvert og eitt að dýpka þekkingu sína á því dýri sem það hefur valið og vinna með. Þau vinna mismunandi verkefni í tengslum við dýrið sitt, samhliða því að vinna skúlptúr/styttu af dýrinu. Vinna barnanna við lokaverkefnið er mjög skemmtileg og krefjandi fyrir börnin þau þurfa að rannsaka og ígrunda hvernig dýrið lítur út og finna leiðir til að búa til bók, fætur, háls, höfuð, gogg, klær og annað til að skúlptúrin/styttan verði „eins“ og vinnuskjalið/dýrið í raun.

Skráningar á verkefninu í hópastarfinu fara fram í formi ljósmynda, og þá sérstaklega í þeim stundum þar sem unnin eru verkefni sem eru ekki í formi myndsköpunar, t.d. þegar börnin eru að leira, kubba, flokka, eða vinna samvinnuverkefni. Á opna húsi leikskólans á vorin er afrakstur barnanna til sýnis. Eftir opna húsið eru ljósmyndir, verkefni og umræður barnanna teknar saman í fállegri hópastarfsbók sem börnin fá afhent við hópastarfsslitin ásamt lokaverkefni og fara með heim. Hópastarfsbókin er samantekt af allri hópastarfsvinnunni. Þar eru dagbókafærslur yfir hverja hópastarfsstund, öll verkefni barnanna og ljósmyndir sem lýsa þeirri vinnu sem börnin hafa verið í yfir veturinn.

Markmið með hópastarfinu eru:

- Að börnin þjálfist í að hlusta, heyra og skilja það sem er sagt
- Að börnin þjálfist í að vinna eftir fyrirmælum (skilja fyrirmælin og vinna eftir þeim)
- Að börnin þjálfist í að taka þátt í umræðum og virða skoðanir annarra
- Að börnin þjálfist í að þau hafa leyfi til að hafa sína skoðun og sýn á hinum ýmsu málum þótt aðrir séu ekki sammála
- Að börnin þjálfist í að vinna saman verkefni, ræða um framkvæmd og lausnir og leysa úr málum á jákvæðan hátt
- Að börnin þjálfist í að verða lausna- og útsjónarmiðuð í flóknum verkefnum
- Að efla félagsfærni barnanna og samvinnuhæfni



Stöðvavinna (Hópavinna)

Börn á aldrinum eins árs til þriggja ára fara í stöðvavinnu. Deildarstjórar ákveða hvaða viðfangsefni er unnið með í stöðvavinnunni á hverri deild fyrir sig allt eftir því hvert markmiðið er. Á yngstu deildum skólans er til dæmis unnið með fínreyfingar- og einbeitingarverkefni, kubbaleiki, hlutverkaleiki og hreyfileiki með börnunum. Á eldri deildum skólans er lögð áhersla á málörvun og er þá unnið með spil, talnaskilning, bundið mál og eftirhermun svo eitthvað sé nefnt. Börnunum er skipt í litla barnahópa og einn starfsmaður er með hverjum barnahópi. Eru þá námsgögn einungis notuð með starfsmanni. Á yngri deildunum fylgir starfsmaður sínum hópi á allar stöðvar en á eldri deildunum fara börnin á milli stöðvanna en starfsmenn eru kyrrir á sínum stöðvum þannig að eins verður unnið með alla hópa og börnin fá þá öll sömu innlögn. Börnin leika á hverri leikstöð í ákveðið langan tíma í einu og skipta síðan um stöð koll af kolli. Með stöðvavinnu er verið að þjálfva hina ýmsu þætti í þroska barnanna t.d. einbeitingu, félagsfærni, samvinnu, málþroska, samkennd, vináttu, sjálfstæði o.s.frv.

Markmið með stöðvavinnunni:

- Að efla málþroska barnanna, hvetja þau til að segja frá og virða skoðanir hver annars
- Að þjálfva börnin í að vera saman í hóp og efla þannig félagsfærni þeirra
- Að börnin læri að taka tillit til og hlusta hvert á annað
- Að efla vináttu hvert til annars

- *Að efla sjálfsbjargarviðleitni barnanna þannig að þau geti fundið lausnir við gerð viðfangsefnanna*
- *Að börnin læri að samnýta áhöld og rétti hvert öðru*
- *Að börnin njóti leiksins á sínum forsendum*



Fínhreyfingar – Einbeitingarviðfangsefni

Einbeitingarviðfangsefni eru þau verkefni þegar hugur og hönd vinna saman. Þessi verkefni eru börnunum nauðsynleg til að þjálfa fínhreyfingar og samhæfingu augna og handa og til að þjálfa einbeitingu. Viðfangsefnin eru misjafnlega erfið en börnin geta valið sér verkefni við sitt hæfi eftir áhuga, aldri og þroska. Það er grundvallaratriði að börnin nái að dýpka leikinn svo hann verði merkingarbær fyrir þau. Ef börnin fara ætíð úr einu verkefni í annað og finna sig ekki í neinu viðfangsefni ná þau ekki ró og einbeitingu við að skapa leikinn og fylla hann hugmyndaríku lífi og áhuga.

Í regluleikjum og spilum læra börnin að fara eftir fyrirmælum og reglum, þau læra að bíða eftir því að röðin komi að þeim, þau læra þolinmæði, félagsfærni, umburðarlyndi, tillitsemi og virðingu.

Markmið með fínhreyfingar og einbeitingarviðfangsefnum:

- *Að börnin öðlist færni í fínhreyfingum og samhæfingu augna og handa*
- *Að börnin læri að dýpka leikinn svo hugmyndaflug og einbeiting þeirra fái að njóta sín*
- *Að börnin læri að vera í regluleikjum og spilum og þjálfði með sér alla þá hæfileika og færni sem þarf til að vera með öðrum í þeim leikjum*



Könnunarleikur yngstu barnanna

Könnunarleikur eða *Heuristic Play with Objects* er í boði fyrir yngstu börnunum í leikskólanum. Eins og fram hefur komið er leikur barna mjög merkilegur og þroskandi og er leið barna til að læra. Ef börn fá viðfangsefni, sem þau hafa áhuga á, starfa þau af eigin hvötum án þess að hinn fullorðni stýri þeim. Þau handfjatla hlutina, skoða þá, setja þá upp í sig og kanna á allan hátt. Hlutirnir sem börnin fá í könnunarleik eru ekki venjuleg leikföng úr búð. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát s.s. stórar dósir og ílát, pappahólkar margskonar, lyklar, keðjur, ullardúskar, rennilásar, sleifar, könglar, skeljar og margt margt fleira. Í gegnum tíðina hafa börn leikið sér með verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga. Það er mismunandi hvernig könnunarleikurinn er útfærður en í meginatriðum eru útbúnar körfur með könnunarviðfangsefnum sem börnin síðan velja sér efni úr til að rannsaka.

Markmið:

- *Að börnin fái tækifæri til að þjálfa skynfæri sín með því að handleika og kanna hluti gaumægfilega sem þau velja sér og hafa áhuga á að skoða nánar*
- *Að börnin fái tækifæri til að kanna eiginleika hluta á margvíslegan hátt eins og t.d. að setja hluti ofan í annan hlut og hvolfa þeim svo úr aftur*
- *Að börnin geti fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér*
- *Að gefa börnunum tækifæri til að starfa af eigin hvötum, sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim*

Alstund

Alstund kallast það þegar öll börn og allir starfsmenn á hverri deild fyrir sig setjast saman kl. 9:00 daglega og fara yfir það hvernig dagskrá dagsins verður. Hverjir eru mættir á deildina, vantar einhvern starfsmann eða barn. Morgunsöngurinn er sunginn, og á yngstu deildinni er líka lesin saga. Þarna er góður vettvangur til að ræða við börnin um ýmis málefni sem koma upp t.d. ef Maxímús er að koma í heimsókn í leikskólann með skemmtun eða ef einhver barnahópur er að fara í vísindaferð og annað í þeim dúr. Í Alstund er myndrænt dagskipulag sett upp svo börnin viti hvernig dagurinn líður. Á eldri deildum skólans skiptast börnin á við að ákveða með deildarstjóranum hvað á að gera og hvaða viðfangsefni eru í boði á leiksvæðunum. Deildarstjórar skrá á til þess gerða skráningarbók hvaða börn taka þátt í ákvörðunartökunni hvern dag. Alstund er nauðsynlegur þáttur í daglegu starfi skólans, börn og starfsmenn verða öruggari og vita hverjir eru mættir og hvernig dagurinn líður.

Markmið

- *Að allir (starfsmenn og börn deildarinnar) fái sömu upplýsingar um það hvað er á dagskrá hvers dags og hvernig hann líður*
- *Börn og starfsmenn verða öruggari í starfi þegar þau vita strax að morgni hvernig dagurinn líður og hverjir eru mættir á deildina*
- *Alstund er notaleg samvera með öllum á deildinni í upphafi dags*

Valkerfið

Valið er kerfi sem tekur til ytra skipulags leikskólans eða hins ytri ramma leikumhverfisins. Í raun er hinn frjálsi leikur þungamiðja þess sem þar fer fram. Hugmyndir að baki valkerfinu tengjast m.a. því að útbúa uppeldisumhverfi barnanna þannig að það örvi þau til dáða í þekkingarleit sinni og að umhverfið sé þannig útbúið að fjölbreytileiki sé í leik og verkefnavali. Valkerfið er í raun hinn frjálsi leikur sem byggist á því að efla sjálfstæði barnanna og möguleika þeirra til að ákveða hvað þau vilja gera og með hverjum þau vilja starfa. Þegar börnin velja sjálf viðfangsefni og eru hvött til að taka ábyrgð á eigin vali trúum við því að þau verði virkari og meira skapandi og ánægðari einstaklingar. Í valkerfinu viljum við gefa börnunum tækifæri á að leika sér í fámennum barnahópum og tryggja jafnframt að alltaf sé einn fullorðinn til staðar fyrir þau. Starfsmenn hafa yfirsýn yfir barnahópinn á sínu svæði, þeir sjá hvernig leikurinn fer fram og hvernig börnin taka þátt í honum auk þess sem auðveldara er að grípa inn í leikinn ef með þarf og leiða hann til betri vegar. Leikurinn er kjarninn í uppeldi og menntun leikskólabarna, hann er aðal tjáningarform barnsins og kennslutæki þar sem valkerfið er umgjörðin.

Sjálfsprottni leikurinn á heima á hverju valsvæði og það er gert ráð fyrir honum í öllu starfi leikskólans. Börnin skiptast á að ákveða með kennara sinnar deildar hvaða viðfangsefni eru í boði á leiksvæðunum hverju

sinni. Skráð er hvaða börn ákveða viðfangsefni og hvaða viðfangsefni eru í boði hverju sinni, þannig hafa öll börn tækifæri til að vera í ákvarðanastöðunni til skiptis og með skráningunni gefst betra tækifæri að hafa viðfangsefni fjölbreytt og skemmtileg og sem koma inn á alla þroskaþætti barnanna.

Markmið:

- *Að efla sjálfstæði, virkni, ábyrgð, sköpun, hugmyndaflug og læsi barnanna*
- *Að leikurinn sé ráðandi afl í öllu sem börnin taka sér fyrir hendur*
- *Að efla vináttu, samkennd og samskipti meðal barnanna*
- *Að börnin fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni á valsvæðunum*
- *Að börnin njóti leiksins á valsvæðunum á sínum forsendum*

Jólaball

Jólaballið í Vinaminni hefur þá sérstöðu að öllum foreldrum er boðið að vera með börnunum sínum á jólatrésskemmtuninni. Leigður er salur hjá Danshöllinni í Mjódd, þar er góð aðstaða til að allir geti dansað kringum jólatréð og gott rými til að njóta veitinga á eftir, en börnin hafa bakað piparkökur fyrir skemmtunina og foreldrar í foreldrafélaginu smyrja flatkökur með hangikjöti. Jólaveinar koma í heimsókn með gjafapoka fyrir börnin. Jólaveinararnir þurfa að kalla hvert barn upp með nafni því í poka er kerti með nafni barnsins, mandarína og lítill rúsínupakki. Það er persónuleg stund þegar jólasveinninn kallar upp nafn barnsins og afhendir pakkann. Jólaballið er haldið strax að morgni kl. 8:30 til c.a. 10:30 Starfsmenn og börn halda síðan í skólann og foreldrar til vinnu sinnar. Í hádeginu þennan dag er jólamatur í skólanum og hátíðarstemning ríkir í skólanum allan daginn.

Markmið

- *Að efla samstarf heimilis og leikskólans þar sem allir (börn, foreldrar, starfsmenn) eiga notalega stund saman á aðventunni*
- *Að foreldrar fái að njóta jólatrésskemmtunarinnar með börnunum sínum*

Kirkjuferð

Í byrjun desember ár hvert hefur presturinn í Fella-og Hólakirkju samband við skólastjórnendur Vinaminnis og býður starfsmönnum og börnunum að koma í kirkjuna fyrir jólin. Börn af öllum deildum nema yngstu deildinni þ.e. Álfasteini fara í kirkjuna og eiga notalega stund saman. Sungin eru jólalög, presturinn talar við börnin um það af hverju við höldum jól, börnin hengja skraut (sem þau hafa búið til í leikskólanum) á kærleikstréð í kirkjunni. Börnunum er síðan boðið að fá djús og smákökur áður en haldið er heim í leikskólann í rútunni. Markmiðið með kirkjuferðinni er að börnin fái að upplifa notalega stund í kirkjunni á aðventunni.

Opið hús

Á hverju vori er „Opið hús“ í leikskólanum einn laugardag milli klukkan 11:00-13.00 Starfsmenn skólans hafa sett upp fallega myndlistarsýningu með verkum barnanna sem þau hafa unnið að yfir veturinn. Starfsmenn klæða sig í sparifötin, íslenski fáninn er dreginn að húni og foreldrum, systkinum, öfum, ömmum, frænkum, frændum og öllum velunnurum skólans er boðið að koma í leikskólann og skoða vetrarstarf barnanna í máli og myndum. Þetta er mikill uppskeru- hátíðisdagur og margir gestir gefa sér tíma til að koma og njóta sýningarinnar. Börnin koma þá í fylgd sinna gesta og með stolti sýna þau verkin sín enda fátt merkilegra en það sem börnin gera.

Markmið:

- *Að börnin upplifi að virðing er borin fyrir verkum þeirra og þau séu mikilvæg og skipta máli*
- *Að börnin fái að sýna foreldrum sínum og öðrum gestum sínum verkin sín á „Opna húsinu“*

Umgengni

Í Vinaminni spilar góð umgengni starfsmanna og barna um skólann stórt hutverk hvað varðar vellíðan þessara aðila. Fallet og snyrtilegt umhverfi hefur jákvæð áhrif á alla. Starfsmenn eru fyrirmyndir barnanna í umgengni og kenna/hjálpa börnunum að ganga frá eftir sig og ganga vel um öll leikefni. Bækur eru dýrmætur efniviður fróðleiks og upplifana sem þurfa að vera til staðar á öllum deildum skólans alltaf svo börnin geti náð í þær þegar þau vilja. Samt sem áður þarf að leiðbeina börnunum að fara vel með bækurnar, til dæmis ekki rífa þær eða troða á þeim heldur sýna þeim virðingu og ganga frá þeim á sinn stað í bókahilluna

jafnóðum og þau hafa notað þær. Starfsmenn þurfa að vera vel vakandi yfir umgengni sinni í skólanum og vanda sig í þessum efnum í hvívetna.

8 Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá leikskóla Menntamálaráðuneytisins segir að grunnþættir menntunar séu heilbrigði og velferð, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og læsi. Þessir sex grunnþættir menntunar fléttast inn í allt starf leikskólans Vinaminnis og mótar með því starfshætti leikskólakennara, námsumhverfi barnanna og á að stuðla að samfellu í skólakerfinu. Leikskólakennarar sjá til þess að börnin séu þátttakendur í skipulagningu starfsins í skólanum, námsumhverfi og vali á leikefni. Leikskólastarfið er í stöðugu endurmati í Vinaminni og eru grunnþættir menntunar þar undirstaða námsins.

8.1 Heilbrigði og velferð

Heilbrigði og velferð byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan barnanna í leikskólanum. Öll börn eiga rétt á sömu aðstöðu til náms heilbrigðis og velferðar. Forsenda þess að gleði og áhyggjuleysi sé í skólaumhverfi barnanna er sú að starfsmenn séu glaðir í samskiptum við börnin og sýni þeim virðingu og stuðning. Þannig eiga börnin auðvelt með að temja sér jákvæðni og vellíðan og félags hæfni eykst. Einnig er hollt mataræði, reglubundinn nægur svefn, hvíld og holl hreyfing undirstöðupættir í skólasterfinu. Það að börnin eigi vini og að þau finni að þau tilheyri barnahópnum eflir heilbrigði og velferð þeirra í leikskólanum.

Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem börnin eru að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar og starfsmenn nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólasterfinu. Umönnun er fylgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Matartímar og borðhald

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi. Mikil áhersla er lögð á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum. Matseðilinn er að finna á heimasíðu skólans. Matartíminn á að vera notalegur tími þar sem öllum líður vel. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra og fræðandi umræðna t.d. um hollustu, tannhirðu og það sem börnunum liggur á hjarta. Starfsfólk matast með börnunum og áhersla er lögð á að börnin læri almenna borðsiði. Börnin á eldri deildum skólans skiptast á að hjálpa til við að leggja á borð. Börnin skammta sér sjálf á diskana, nota hníf og gaffal, hella í glasið sitt og ganga frá. Yngstu börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfir. Þetta er þáttur í uppeldi barnanna til sjálfstæðis og sjálfsbjargar, heilbrigðis og velferðar.

Hvíld og nægur reglubundinn svefn

Hvíld og nægur reglubundinn svefn er öllum börnum nauðsynlegur til að geta viðhaldið andlegri og líkamlegri heilsu og vellíðan og tekist á við lífið og leikinn. Lögð er áhersla á kyrrlátan hvíldartíma á degi hverjum þar sem yngstu börnin sofna en þau eldri hlusta á sögu eða eiga rólega stund með leikskólakennara/starfsmanni sínum.

Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í skólasterfinu og er börnunum kennt að tileinka sér góðar venjur s.s. að þvo hendur fyrir máltíðir, eftir útiveru og salernisnotkun. Þannig þroska börnin með sér heilbriggt viðhorf til líkama síns og umhirðu. Á yngstu deild skólans er börnunum boðið á kopp til að læra að gera þarfir sínar þar.

Frágangur og snyrtimennska

Frágangur og snyrtimennska er hluti af uppeldi og menntun barna. Börnin eru þátttakendur í undirbúningi að verkefnum. Lögð er áhersla á að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og þeim leikföngum og efnivið sem þau eru að vinna með hverju sinni.

Að klæða sig úr og í

Að klæða sig úr og í skiptir máli í námi barnanna í leikskólanum. Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf eftir getu og þroska, það eykur sjálfstæði þeirra og styrkir sjálfmynd. Þessir þættir eru hluti af heilbrigði og velferð barnanna í Vinaminni.

Útivera og hreyfing

Útivera og hreyfing er hluti af heilbrigði og velferð barnanna. Í Vinaminni er lögð áhersla á að börnin fari út til að efla hreyfifærni. Í útiverunni geta börnin óhindrað fengið útrás fyrir hreyfipörf sína. Þar geta þau hlaupið, hoppað, klífað, rólað og farið í gömlu góðu útileikina. Stuðlað er að því með verkefnavali og virkni starfsfólksins á leikvellinum að gera útiveruna fjölbreytta, skemmtilega og þar af leiðandi eftirsóknarverða. Árstíðirnar, veðráttan og þær aðstæður sem skapast í náttúrunni eru notaðar til að örva börnin til útiveru og læra um náttúruna.

8.2 Sköpun

Sköpun í viðri merkingu snýst um ímyndunarafl barnanna og forvitni, áhuga, athygli, leikni þekkingu og innsæi. Ímyndunarafl er uppspretta sköpunar sem aðrir þættir sköpunar fléttast inni í, börnin eiga það í hugskoti sínu og geta þroskað það áfram síðar í lífinu. Þar koma rannsóknir, forvitni um hvernig hlutirnir virka og löngun til að vita meira sterkt inn. Í námi barnanna í leikskólanum er myndlist meðal annars þáttur í sköpun, börnin vinna út frá sínum hugarheimi, áhuga, reynslu og frumleika. Sköpunarferlið hefur þýðingu fyrir börnin og nánasta umhverfi þeirra ekki síður en útkoman.

Nám í skapandi starfi og skapandi hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börnin fá tækifæri til að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar/starfsmenn hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni.

Mikilvægt er að leikskólakennarar/starfsmenn gefi börnunum tækifæri til að auðga ímyndunarafl, hvetja þau áfram til að segja frá og finna lausnir á viðfangsefnum sínum. Þar er sögugerð og leiklist elstu barnanna í skólanum gott dæmi. Þegar börnum er gefið tækifæri til að skapa sína eigin sögu í kringum persónur sem þau hafa valið að leika og þau ákveða hvernig leikmynd, búningar og framkvæmd verkefnisins á að vera opnast gáttir í hugskotum þeirra. Þau koma með óþrjótandi hugmyndir og finna lausnir eins og vindurinn og leysa öll mál á farsælan hátt. Um leið og eitt barn kemur með hugmynd vakna aðrar hugmynd hjá öðru barni og svo framvegis. Áhuginn og gleði barnanna yfir viðfangsefninu hefur engan endi.

Myndlist

Myndlistin er einn þáttur í sköpunarferlinu. Sköpunarþörf barna er mikil og til að koma til móts við þá þörf höfum við í Vinaminni útbúið smiðjuna í miðju húsinu þar sem aðgengi er gott fyrir öll börn leikskólans. Í smiðjunni fer myndlistarstarfið fram þar sem unnið er með myndsköpun og myndmál á sem fjölbreyttastan máta. Þá er átt við að börnin fái að kynnst mismunandi efniviði, málningu og litum til að vinna með í myndlistinni. Lögð er áhersla á að börnin öðlist færni í því að nota myndmenntina óþvingað til að tjá reynslu sína og það sem liggur þeim á hjarta hverju sinni. Mikilvægt er að samspilið milli starfsmanns og barns sé á þann veg að barnið finni hjá sér vellíðan og hvetjandi andrúmsloft sem örvi það til að halda áfram með verkið og þróa það á sínum forsendum. Hér skiptir ferlið meira máli en afurðin. Börnin skiptast á við að ákveða með starfsmanni hvaða viðfangsefni er unnið með í smiðjunni.



8.3 Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni snýst um að hugsa um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. Landið okkar er mikilvægt okkur mannfólkinu til að geta lifað. Við tökum við landinu af forfeðrum okkar og okkur ber að skila því til næstu kynslóðar í því ástandi sem við tökum við því ef ekki betra. Leikskólakennarar þurfa að kenna börnunum umhverfismennt, að ganga vel um landið okkar og innleiða náttúruvernd og hve dýrmæt land, náttúra, auðlindir og samfélag þess eru fyrir okkur til að lifa af.

Útivera og hreyfing

Í Vinaminni er lögd áhersla á að börnin fari út daglega til að efla hreyfifærnina. Í útiverunni geta börnin óhindrað fengið útrás fyrir hreyfipörf sína. Þar geta þau hlaupið, hoppað, klifrað, rólað og farið í gömlu góðu útileikina.

Stuðlað er að því með verkefnavali og virkni starfsfólksins á leikvellinum að gera útiveruna fjölbreytta, skemmtilega og þar af leiðandi eftirsóknarverða. Árstíðirnar, veðráttan og þær aðstæður sem skapast í náttúrunni eru notaðar til að örva börnin til útiveru og læra um náttúruna.



Hreyfistundir

Hlutverk leikskóla er að efla alhliða þroska barnanna þar á meðal hreyfiþroska. Þegar viðrar ekki til útiveru yfir háveturinn er börnunum boðið í hreyfistundir, þar er unnið markvisst að því að börnin hreyfi sig reglulega og þjálfhi hina ýmsu vöðva og líkamsstjórn og að þau læri slökun og öndun. Í hreyfistundunum gefst leikskólakennurum/starfsmönnum tækifæri til að fylgjast með hreyfigetu barnanna og eru því betur í stakk búnir til þess að grípa inn í ef með þarf.

Börn og starfsmenn hjálpast að við að raða upp hreyfidótinu svo úr verðu skemmtileg þraut. Í hreyfistundunum fara börnin í margvíslega leiki og þrautir sem efla grófhreyfingar barnanna líkamsstjórn og líkamsvitund.



Náttúra og umhverfi – útikennsla

Náttúran er óþrjótandi uppspretta, uppgötvana, upplifana, hugmynda og verkefna fyrir börnin. Í Vinaminni er útikennsla fyrir börn á eldri deildum skólans. Útikennslan fer fram frá apríl og fram í nóvember allt eftir því hvernig vetur konungur sýnir sín veðurskilyrði sem bjóða upp á útinám. Náttúran og umhverfið er rótin að lífi okkar og lifðnaðarhátum. Þess vegna er svo mikilvægt að börnin njóti náttúrunnar á sem fjöl-

breyttastan máta. Það er hollt fyrir börnin að kynnist breytingum á náttúrunni á hverri árstíð fyrir sig, að þau kynnist lífríki hennar, veðráttu og einkennum. Börnin þurfa að læra að njóta auðsins í náttúrunni. Þau þurfa að finna ilminn úr grasinu, blómunum og trjánum þau þurfa að kanna steinana, fuglana, skordýrin, lækina og fiskana, vindinn, lognið, rigninguna, snjóinn, krapann, klakann og svo mætti lengi telja. Þau þurfa að læra að ganga vel um náttúruna t.d. með því að tína upp rusl og sporna þannig við mengun í náttúrunni. Nauðsynlegt er að börnin hafi með sér í farteskinu út í lífið metnað fyrir velferð náttúruauðlinda, fegurð landsins, hafs og himins.

Umhverfismennt og umhverfisvernd (útikennsla) er einn þáttur í námi leikskólabarnanna í Vinaminni. Börnin kynnast nánasta umhverfi skólans í vettvangsferðum vísinda- og rannsóknarferðum. Börnin rannsaka náttúruna og kanna hana, þau ræða saman um upplifanir sínar en þannig upptötva þau, sjá og finna alltaf eitthvað nýtt í hverri ferð út í náttúruna. Einnig taka börnin rannsóknarefni með sér í poka heim í leikskólann til frekari rannsókna. Slíkar vísinda- og rannsóknarferðir út í náttúruna virkja forvitni barnanna og þau vilja upplifa, uppgötva og vita meira og meira.



Gróðursetning

Á vorin gróðursetja börnin matjurtafræ eða blómafræ allt eftir því hvað þau vilja gera, þau fylgjast með jurtinni sinni koma upp úr moldinni, vökva hana og gæta. Um sumarfrí fara börnin með jurtina sína heim og halda áfram að hugsa um hana þar.



Vísindi

Vísindi er einn þáttur í starfi leikskólans. Vakinn er áhugi og forvitni barnanna á vísindastarfi og þau hvött til rannsóknarvinnu og kannana. Rannsóknir þeirra úti í náttúrunni eru fræðandi og skemmtilegar fyrir börnin, þau upplifa og uppgötva alltaf eitthvað nýtt úti í náttúrunni þó svo þau fari alltaf á sömu staðina eins og t.d. í Elliðaárdalinn. Þar hafa sumir barnahóparnir valið sér reit til að heimsækja, kanna og rannsaka. Þau taka með sér stækkunargler til að skoða áhugaverða hluti sem þau finna í náttúrunni og taka annað sem þau finna og finnst áhugvert með sér í skólann til að vinna með, kanna og rannsaka betur. Leikurinn heldur velli í útikennslunni og málörvun á sér stað þar sem börnin sjá alltaf eitthvað nýtt og ný og ný orð bætast í orða-sarpana þeirra.

Tilraunir og vísindi ýmiss konar á sviði eðlis og efnafræði eru vinsæl meðal barnanna t.d. þegar þau taka inn snjó og bræða hann í potti, láta vatn gufa upp, athuga hvaða hlutir sökkva í vatni og hvaða hlutir fljóta í vatni,

þegar þau bæta litarefnum í vatnið og sjá breytinguna og þau blanda liti í Smiðjunni og sjá að allt í einu kemur nýr litur o.s.frv. o.s.frv.

Vísindastarf er skemmtilegt viðfangsefni fyrir börnin þar sem uppgötvanir, fróðleikur, kannanir og rannsóknir fara fram.



8.4 Lýðræði og mannréttindi

Í lýðræðisríki taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Skólar þurfa að taka mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins. Allir eiga að búa við mannréttindi og geta haft áhrif á líf sitt og samfélag. Í leikskólanum fá börnin tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri umræðu í daglegum samskiptum sínum við önnur börn og við hina fullorðnu. Þau læra um lýðræði í lýðræði.

Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar/starfsmenn stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Börnin þurfa að læra að ræða saman um álitamál og skilja að það er allt í lagi þó það sé ekki allir sammála og þau þurfa að læra að bera virðingu fyrir sínum skoðunum og annarra. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðar-tilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna.

Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni til að takast á við lífið sjálft. Til að öðlast lífsleikni þurfa börnin að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og þeim eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum. Þetta er gert með því að kenna þeim að leysa deilur, bera virðingu fyrir skoðunum hvert annars, hlusta hvert á annað, ganga frá eftir sig og ganga vel um innan leikskólans sem utan. Börnin þurfa að tileinka sér lífsgildi, reglur, venjur og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og í samfélaginu í heild. Í leikskólanum er frumkvæði barnanna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.

Virðing

Til að starfið með börnunum verði sem best þurfa starfsmenn skólans að virða störf, skoðanir og gjörðir hvers annars. Það er stór þáttur í vellíðan barnanna að starfsmenn virði hver annan og sýni sér og öðrum mildi, hjálpssemi, gleði og virðingu. Samskipti hinna fullorðnu við börnin þurfa líka að vera notaleg og jákvæð. Hinir fullorðnu í skólasamfélaginu þurfa að bera virðingu fyrir börnunum, hlusta með virkri hlustun á þau, virða skoðanir, langanir og gjörðir barnanna. Leikskólakennarar/starfsmenn leiðbeina börnunum á viðurkennandi hátt þegar þörf er á. Hinir fullorðnu eru fyrirmyndir barnanna hvað virðingu snertir og fara þau að sýna hvert öðru og hinum fullorðnu sem þau umgangast virðingu og traust.

Menning og samfélag

Menning okkar er fjölbreytileg, börnin koma frá mismunandi heimilum og aðstæðum, sum hver koma frá ólíkum menningarheimum. Allt eru þetta Íslendingar og okkur ber að hjálpa börnunum að finna að þau

tilheyrir okkar fjölbreytta samfélagi og séu hluti af okkar menningu. Börnin þurfa að læra að engir tveir eru eins, allir eru jafnir og allir hafa sama rétt.

Hátíðir, hefðir og ýmsir siðir eru ákveðin menning sem myndar tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsan þjóðlegan fróðleik. Börnunum eru kenndar gamlar þulur og kvæði og farið er í ýmsa gamla leiki. Í leikskólanum eru börnin frædd um þjóðhátíðardaginn, fullveldisdaginn, bóndadaginn, konudaginn og aðra merka daga í sögu lands og þjóðar. Það er haldið jólaball, þorablót, hrekkjavaka, öskudagshátíð og sumarhátíð svo eitthvað sé nefnt.

8.5 Jafnrétti

Jafnrétti byggist á því að allir hafa sama rétt og sömu tækifæri til að þroskast og dafna á eigin forsendum og rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi hver á sinn hátt. Leikskólakennarar/starfsmenn stuðla að því að börnin í leikskólanum þroskist og dafni á sínum hraða og forsendum í gegnum leikinn og útbúa umhverfi sem hæfir hverju aldurs- og þroskastigi fyrir sig þannig að sem bestur árangur náist.

Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna í samráði við þau. Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottnei leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik skapar barnið leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leiknum er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leik fá börnin hreyfiþörf sinni fullnægt og þau þjálfa hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik eru allir jafnir og öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskipta-reglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra. Lögð er áhersla á jafnrétti, vináttu, samleik og jákvæð samskipti.



8.6 Læsi

Hefðbundið læsi tengist kunnáttu og færni sem fólk þarfnast til þess að geta fært hugsun sína í letur og skilið prentaðan texta. Í dag fær læsi nýjan búning í tækninýjungum og breyttu samskiptaumhverfi okkar á afgerandi máta. Í leikskólastarfi fer fram bernskulæsi í gegnum leik barna í daglegum samskiptum þeirra á milli og við hina fullorðnu. Börn lesa í umhverfið, aðstæður og svipbrigði fólks, þau taka þátt í samræðum, sagnalestri, söng virkri hlustun og öllu öðru sem þau upplifa í leikskólanum.

Mál og læsi

Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við önnur börn og fullorðna. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Málþroski er hluti af almennum þroska barna og segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið. Með málþroska er átt við málfarslega hæfni, tjáningu og skilning, orðaforða, framburð, setningaskipan og beygingar. Lögð er áhersla á lestur bóka, þulur og söngva og börnin hvött til að tjá sig, tala saman og hlusta á aðra. Enn fremur er lögð áhersla á að tala gott íslenskt mál við börnin.

Tónlist er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi barna og dýrmætur þáttur í menningu okkar. Tónlistin er alþjóðlegt tungumál sem allir skilja. Tónlist veitir börnum tækifæri til að þroska með sér næmi fyrir hljóðum og hrynjanda. Að njóta tónlistar, hlusta, hreyfa sig eftir tónlist í dansi og leikrænni tjáningu, læra texta og syngja með tónlistinni veitir börnum tækifæri til túlkunar með líkama og sál. Börnin nota hljóðfæri af öllum gerðum sem gerir þeim kleift að efla með sér frjálsa skapandi tjáningu og túlkun á tónlist. Börn hjala, söngla og syngja af einskærri gleði sem vert er að veita eftirtekt og gefa rými. Við litum á sönginn sem gleðigjafa og því viljum við leggja áherslu á að börnin syngi mikið og læri lög og texta. Í Vinaminni eru tónlistar-söngstundir með söng og líkamstjáningu tvisvar á dag.

Málrækt

Íslenskan er lykillinn að íslensku þjóðfélagi.

Eins og áður hefur komið hér fram þá er málþroski hluti af almennum þroska barnsins. Með málþroska er átt við orðaforða, framburð, skilning, setningaskipan og beygingar. Máltaka barna er frjóst fyrstu mánuðina og árin, því skiptir miklu máli að barnið fái sem mesta jákvæða málörvun á þeim tíma. Mikilvægasta málörvunin á sér stað í samskiptum barnsins og foreldra þess.

Að börn öðlist góðan málþroska er mikilvægt atriði þar sem tungumálið er mikilvægasta verkfæri hugans og lykillinn að hugarheimi annarra. Málþroski barna á leikskólaaldri hefur mikil áhrif á félags- og vitsmunarþroska barna auk þess sem hann er undirstaða lestrar náms þegar út í grunnskólann kemur og leggur grunn að lesskilningi og námsárangri síðar.

Í Vinaminni er mikil áhersla lögð á að styðja vel við máltöku barna frá því þau hefja nám í leikskólanum og er markvissri eftirfylgni gætt í gegnum leikskólaárin.

Ritmál er sýnilegt í leikskólanum með því að merkja leiksvæði og leikefni. Elstu börn skólans leika sér með ritað mál í Vísdomsstundum og oftast en ekki eru mörg börn læs að vori þó þau viti það ekki sjálf.

Til þess að sem bestur árangur náist í málþroska hjá hverju barni á leikskólaárunum hefur starfsfólk Vínammis ákveðið að vinna með gagnreyndar aðferðir sem hafa borið árangur hvað málþroska barna varðar.

1. Lestur bóka, þulur og bundið mál.
2. Galdrakoffort: Börnin geta fengið lánaða bók heim í lok dags úr galdrakoffortinu. Mamma eða pabbi lesa söguna fyrir svefninn og skila bókinni aftur í galdrakoffortið að morgni næsta dag. Þessar bækur eru líka lesnar í leikskólanum í lestrarstundum. Bókunum er skipt út á fjögurra til sex vikna fresti fyrir aðrar bækur.
3. Bókaormur, með hverri bók sem bönin velja að taka með heim úr Galdrakoffortinu lengist bókaormurinn um einn hlekk
4. Flæðilestur. Starfsfólk sest á gólfíð, tekur bók í hönd og byrjar að lesa sögu t.d. fyrir eitt barn á deildinni, börnin sem vilja hlusta koma til starfsmannsins og fylgjast vel með en önnur börn sem eru í leik heyra söguna en eru samt sem áður að leika áfram. Öll börnin græða leik og sögu. Með því að lesa sömu söguna oft heyra börnin ný og ný orð sem hjálpar þeim að auðga orðaforðann.
5. Tákn með tali: Tákn notuð með töluðu máli
6. Söngur og söngtextar

7. Málörvunarstöðvar: Útbúnaðar eru málörvunarstöðvar einu sinni í viku fyrir öll þriggja ára börn skólans. Börnunum er skipt í 4-5 barna hópa og er einn fullorðinn á hverri starfsstöð sem leggja mismunandi verkefni fyrir börnin. Unnið er í 15-20 mínútur í senn á hverri starfsstöð. Börnin fara síðan milli stöðvanna og vinna að þeim verkefnum sem ákveðið hefur verið hverju sinni. (lestur, spil, talnaskilningur, Lubbi finnur málband, litir, kubba eftir fyrirmynd, einingakubbar o.fl.)
8. Lubbi finnur málbein
9. Spil
10. Bókasafn



Málþroskaskimanir

Orðaskil

Orðaskil er orðaforðalisti sem foreldrar fylla í og merkja við hvaða orð barnið hefur lært og notar.

Orðaskil felur í sér:

- Orðaskil er ætlað að mæla orðaforða barna og vald þeirra á beygingarkerfi og setningargerð frá 18 mánaða til 3 ára.
- Fyrrihluti orðaforðagátlistans inniheldur 705 orð sem raðað er upp í 22 efnisflokka. Seinni hluti inniheldur svo setningar, flóknar og einfaldar.
- Oftast notað ef grunur leikur á að um seinkaðan málþroska er að ræða

EFI-2

EFI-2 málþroskaskimun er lögð fyrir öll börn á fjórða ári og er ætlað að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu. Með málskilningsþætti er kannaður t.d. skilningur á stærða- og fjöldahugtökum, litaheitum, óyrtum orðaforða og yfirhugtökum. Einnig skilningur á neitunarsetningum og setningum sem tengjast tímaröð. Áhrif vinnsluminnis eru líka könnuð. Með máltjáningarþætti er kannaður t.d. almennur virkur orðaforði, rétt notkun talna- og litaheita, setninga- og beygingarmyndun (nt., þt., et., ft.), rökvísi og samhengi í tjáskiptum. Allir þættir EFI-2 reyna jafnframt á einbeitingu og félagslega færni í samskiptum en þessir þættir geta haft áhrif á niðurstöður.

EFI-2 felur í sér

- *EFI-2 málþroskaskimun er skimun á málskilningi og máltjáningu barna, sem eru á 4. ári*
- *EFI-2 málþroskaskimun er ætlað leikskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem koma að sérkennslu barna í leikskólum (á 4. ári)*
- *EFI-2 málþroskaskimun er ætlað að finna þau börn sem vikja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu*

HLJÓM-2

Hljóm-2 er skimunartæki til athugunar á hljóð- og málvitund leikskólabarna á aldrinum 4,9-6,1 árs. Hljóm-2 er lagt fyrir börnin á síðasta leikskólaárinu að hausti (í september, október). Börn á þessum aldri eru yfirleitt búin að ná góðum tókum á móðurmálinu. Þau eru upptekin af að ríma á þessum aldri og er það undanfari lestrarnáms. Ef niðurstöður Hljóm-2 skimunarinnar koma slakar út að hausti er það lagt fyrir börnin aftur í janúar. Slök færni getur gefið vísbendingu um að börnin eigi eftir að stríða við lesblindu eða aðra námsörðugleika þegar þau koma út í grunnskólann. Þegar niðurstöður úr Hljóm-2 skimuninni eru komnar er foreldrum barnanna gerð grein fyrir þeim og foreldrar hvattir til að efla þessa þætti með börnunum ef niðurstöðurnar sýna slaka eða mjög slaka færni. Ef leikskólakennarar og foreldrar grípa inn í og þjálfa börnin í hljóð- og málvitund ná börnin oftast aldurssvarandi málþroska fyrir grunnskólagönguna.

Hljóm-2 felur í sér:

- *Rím (orð sem ríma)*
- *Samstöfur (klappa atkvæðin í orðunum)*
- *Hljóðgreining (hlusta eftir ákveðnu hljóði í orði sem sagt er)*
- *Samsett orð (setja saman tvö orð svo úr verður eitt)*
- *Margræð orð (sama orðið yfir fleiri en einn hlut).*
- *Orðhlutaeyðing (taka hluta af orði svo úr verða tvö orð)*
- *Hljóðtenging (tengja hljóðin saman svo úr verður orð)*

9 Leikur barna

Mennta- og barnamálaráðuneytið stóð fyrir breytingum á aðalnámskrá leikskóla. Breytingar á aðalnámskrá leikskóla um leikinn tóku gildi 1. september 2023. Breytingarnar á aðalnámskrá leikskóla skýra nánar hlutverk leiksins sem námsleið leikskólans og hvernig meta megir með reglubundnum hætti, og með virkri þátttöku barna, viðhorf, líðan og stöðu þeirra.

Í Leikskólanum Vinaminni hefur verið unnið samkvæmt nýjum breytingum aðalnámskrár um leikinn. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur fram að leikur sé aðal námsleið ungra barna lífstjáning þeirra og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru mikilvægir þættir þegar kemur að leik barna. Í Vinaminni er leikurinn í allri sinni fjölbreytni aðal námsleið barna og kennlutæki leikskólakenna/starfsmanna. Í gegnum leikinn læra börnin á lífið og tilveruna. Þau afla sér reynslu og þekkingar í gegnum leikinn og oft tekur leikurinn mið af reynslu þeirra.



Eins og segir í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á sjálfsprottna leikinn sem þýðir að leikurinn sé atferli sem börn hafa frumkvæði að en er ekki stýrt af hinum fullorðnu. Börnin ákveða upphaf leiksins, taka sér hlutverk, setja reglur og ákveða hvernig leikurinn fer fram og hvenær og hvernig hann endar. Þau velja sér efnivið og vini til að leika með en ferlið skiptir þar meginmáli. Sjálfsprottni leikurinn byggir á áhuga barnanna, innri hvatningu og oft fyrri reynslu og upplifunum. Leikurinn er þá í þykjustunni en tengir saman raunveruleikann og ímyndunaraflíð. Þá er mikilvægt að öll börnin séu þátttakendur í leiknum og njóti hans.



Mikilvægt er að leikskólakennarar lesi í leikinn og hjálpi þeim börnum sem standa utan við leikinn að taka þátt, leiðbeini þeim og kenni hvernig þau geta borið sig að til að fá að vera með í leiknum og styðji þau í leiknum sjálfum svo leikgleðin fái notið sín. Eins þurfa leikskólakennarar að hjálpa og leiðbeina þeim börnum sem eiga erfitt með að bjóða öðrum börnum með í leik og vilja ein taka völdin. Fagaðilar leiðbeina starfsmönnum skólans og kenna gagnreyndar aðferðir til að sem bestur árangur náist til að börnin séu glöð, hamingjusöm og sátta við hlutverk sín í leiknum.

Leikjum barna hefur verið skipt í þrjá megin þætti en það eru: Hreyfi og ærslaleikir, byggingaleikir og hlutverkaleikir

1. Hreyfi- og ærslaleikir

Í hreyfi- og ærslaleikjum fá börnin útrás fyrir hreyfiþörf sína á skólalóðinni. Þau klifra, fela sig, eltast, veltast og hnoðast um í einskærri kæti. Þessir leikir eru nauðsynlegir fyrir börnin til að efla líkamsstjórn sína og úthald, snerpu, fimi og gleði.



2. Byggingaleikir

Í byggingaleikjum eru notaðir ýmiss konar kubbar eða alls kyns opinn efniviður til bygginga. Börnin byggja það sem hugur og hönd vinnur að, stundum verður samleikur nokkurra barna sem hjálpast að við bygginguna en stundum er eitt og eitt barn að byggja sína eigin byggingu og samþykkir ekki að aðrir séu að raska því neitt eða bæta í bygginguna. Einingakubbar er skemmtilegur efniviður til byggingaleikja en með þeim kemur stærðfræðin sterkt inn. Legókubbar, stórir og litlir eru ómissandi í byggingaleiknum og gefa ungum sem eldri

börnum á leikskólaaldri tækifæri til að þróa byggingar, stórar og smáar, háar og lágar eða eftir því sem hugmyndaflug barnanna stefnir með þær. Margar aðrar tegundir af kubbum til byggingaleikja eru í boði fyrir börnin en hinir fullorönu þurfa eins og í öðrum leikjum að standa vörð um velferð barnanna í leiknum.



Einingakubbarnir eru skemmtilegur og þroskandi efniviður fyrir börn á öllum aldri. Einingakubbarnir eru skapandi efniviður sem veita börnum tækifæri til að læra t.d. stærðfræðihugtök eins og stærri, minni, stærsti, helmingi stærri, helmingi minni o.s.frv. Þau læra að flokka, þau læra ummál og þyngd, fegurðarskyn þeirra eflist svo og rúmskyn og félagsfærni. Ímyndunarafl barnanna eflist og byggingarnar fara smám saman að taka á sig flóknari mynd.



Yngstu börnin handfjatla kubba og kanna þá, þau bera kubba fram og til baka en nota þá ekki til bygginga. Fyrstu byggingarnar eru þannig að börnin mynda að mestu leyti raðir, ýmist láréttar (á gólfinu) eða lóðréttar (hlaða). Mikið er um endurtekningar í þessum fyrstu byggingarmynstrum. Síðan fara að koma brúarbyggingar þ.e. tveir kubbar með bili á milli tengdir saman með þriðja kubbum. Þá eru girðingar líka fljótlega sjáanlegar í byggingarleikjum með einingakubbana. Þegar börnin hafa náð færni í að byggja með kubbum fara skrautleg mynstur að koma fram. Alls konar samhverfur má sjá og mikla formfegurð. Þessu næst fara börnin að gefa byggingum sínum nafn og þegar enn lengra er komið eru byggingar barnanna oft eftirmyndir eða tákn fyrir raunverulegar byggingar sem þau þekkja. Þá kemur fram rík þörf fyrir að leika þykjustu- og hlutverkaleiki í tengslum við kubbabyggingar. Í Vinaminni eru einingakubbarnir geysivinsælir hjá börnunum og eru mikið notaðir í hópastarfi og einnig á val tímanum.



3. Hlutverkaleikir

Hlutverkaleikir eru samskipta og ímyndunarleikir barna. Í hlutverkaleik reynir mikið á samskipti barnanna og að þau finni lausnir á ágreiningsmálum í leiknum til dæmis ef einhver fer ekki eftir settum reglum sem börnin hafa sett sér. Hlutverkaleikurinn þjálfar börnin í samskiptum sín á milli, þau læra að taka tillit til annarra, setja sig í annarra spor og fara eftir reglum í leiknum sem önnur börn hafa ákveðið og koma sínum reglum á framfæri svo aðrir fari eftir þeim. Börnin spinna leikinn áfram eftir því hvað kemur upp í huga þeirra og ímyndunaraflíð og fyrri reynsla barnanna tekur oft mið af leiknum.



10 Þjónusta í þágu farsældar barna

Farsældarlöggjöf

Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna tekið gildi.

Farsældarlögin

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni.

Tekið hafa gildi lög sem styðja við farsæld barna. Þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem þau þurfa og að þau fái rétta aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuna saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi.

Börn og foreldrar þeirra hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, skóla eða félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá félagsþjónustu eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni.

Starfsfólki sem vinnur með og fyrir börn ber að vinna saman að farsæld þeirra. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttatímabænda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á.

Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir foreldra og börn sé þess óskað. Samþætting kemur ekki í veg fyrir að foreldrar sækji sjálfir þjónustu fyrir börn sín. Markmiðið með farsældarlögunum er að bæta enn frekar þjónustu við börn og fjölskyldur svo þau fái notið þeirrar aðstoðar sem þau eiga rétt á um leið og þess gerist þörf.

Tilgangur löggjafarinnar er að börn og fjölskyldur falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Börn eiga rétt á að segja sína skoðun um þau málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og þau sem veita þjónustu eiga að taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Þessi lög hafa tekið gildi og er innleiðing þeirra í fullum gangi. Leikskólinn Vinaminni hefur skipað tengiliði farsældar í leikskólanum sem sjá um að gögn þeirra barna sem þurfa samþættingu fari rétta leið í kerfinu og óska eftir lausnateymi með fagaðilum á Suðurmiðstöð.

11 Skóli án aðgreiningar – Inngilding – fullgilding

Inngilding – fullgilding

Ný ákvæði í aðalnámskrá leikskóla um inngildingu-fullgildingu tóku gildi 1. september 2023.

Þar segir: Inngilding er stefna sem felur í sér að allir fái notið sín, óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun, í skóla, vinnumarkaði eða á öðrum vettvangi, og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur.

Skóli án aðgreiningar er flæðandi hugtak sem byggir fyrst og fremst á grundvelli jöfnunar, lýðræðis og félagslegs réttlætis. Í skóla án aðgreiningar eiga öll börn jafnan rétt til aðgengis að námi þar sem þau hljóta nægilegan stuðning þannig að þörfum hvers og eins sé mætt burtséð frá fötlun, tungumáli, trú, kynvitund eða öðru sem gæti verið notað til aðgreiningar. Öll börn skulu njóta styrkleika sinna í inngildandi umhverfi þar sem þau eru fullgildir þátttakendur (Barton og Smith, 2015; Helgi Gíslason og Anna Kristín Sigurðardóttir, 2016; Steingerður Ólafsdóttir o.fl., 2014).

[\(Guðrún Jóna Prastardóttir, Farsælt leikskólastarf án aðgreiningar.\)](#)

Unnið er hörðum höndum að því að innleiða inngildingu/fullgildingu með starfsmönnum leikskólans og markmiðið er að Vinaminni sé skóli án aðgreiningar.

Sérkennsla

Í Vinaminni er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun barna með fötlun og börn með frávík í þroska en þau fá sérkennslu samkvæmt reglum þar að lútandi. Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því í nokkurn tíma í leik og starfi í skólanum og gerðar skráningar. Í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir með að aðstoða barnið sem mest innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins kallaðir til sérfræðingar á Suðurmíðstöð til frekari ráðgjafar. Lausnateymi (sjá lausnateymi-fundir) ræðir stöðu barnsins og ef niðurstöður þess fundar verður frekari greining á atferli barnsins sendir leikskólinn tilvísun með ósk um athugun sálfræðings, talmeinafræðings eða hegðunarráðgjafa á Suðurmíðstöð allt eftir eðli málsins.

Sérfræðingar á Suðurmíðstöð sjá um frumgreiningar barna og veita leikskólanum og foreldrum ráðgjöf.

Meginreglan er að sérkennslan fari fram í barnahópnum þegar það er hægt. Leikskólastjóri/sérkennslustjóri hefur yfirumsjón með skipulagningu starfsins með börnum með sérþarfir og fötlun í leikskólanum í samvinnu við stuðningsaðila, deildarstjóra, foreldra og sérfræðiteymi í Þjónustumiðstöð suður og á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Mælitæki sem eru notuð í Vinaminni til að fylgjast með alhliða þroska barna.

- Íslenski þroskalistinn sem foreldrar fylla í, metur gróf- og finnhreyfingar, sjálfsbjörg, hlustun, tal og nám 3ja til 6 ára gamalla barna. Foreldrar fylla í listann
- Smábarnalistinn sem mæður fylla í, metur mál og hreyfiþroska ungbarna 15 til 38 mánaða
- APES listarnir eru mælitæki á almennum þroska barna og jafnframt vinnuskjal stuðningsaðila. Aldur: 1. hefti frá fæðingu til þriggja ára og 2. hefti frá 3ja til 6 ára
- Tras er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára gamalla barna
- EFI-2 er málþroskaskimun á málskilningi og máltjáningu barna sem eru á fjórða ári

Matslistarnir eru góð skimunartæki sem sýna vel hver þroskastaða barnanna er. AEPS listinn er notaður sem leiðarvísir og einstaklingsáætlun í starfinu með börnum með sérþarfir.

Bætt er í matslistann á sex mánaða fresti til að sjá framfarir í þroska barnanna og til að ákveða næstu áherslupætti. Stuðningsaðilar vinna með börnin ýmist í barnahópnum t.d. þegar um félagsþjálfun er að ræða en þá fylgir stuðningsaðili barninu í leiknum, eða í einstaklingsþjálfun ef um meiri frávík í þroska er að ræða. Gott samstarf foreldra og leikskólans er undirstaða þess að vel gangi.

Samþætting

Samþætting er skipulögð og samfelld þjónusta með það að markmiði að stuðla að farsæld barna og að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi og aðstoð við að halda utan um þjónustuna. (Barna- og fjölskyldustofa)

Þegar barn hefur fengið stuðning í leikskólanum þurfa foreldrar að sækja um samþættingu en það þýðir að allir sem koma að vinnu með barninu fá þær upplýsingar um barnið sem nauðsynlegar eru til að sem mest og best starf geti farið fram með barninu. (sjá kafla um [Farsæld barna](#).)

Lausnateymi – fundir

Í lausnateymi eru aðilar sem koma að vinnu barna með sérþarfir. Það er skipað fulltrúum frá leikskólanum og Suðurmiðstöð. Lausnateymi leikskólans skoðar einstök mál barna skráir og skipuleggur starfið með þeim og leitar lausna á vandanum. Ef nánari aðstoðar/ráðgjafar er óskað er kallað til lausnateymi á Suðurmiðstöð. Sérfræðingar á Suðurmiðstöð veita starfsmönnum skólans ráðgjöf um þau börn og fjölskyldur þeirra sem þurfa á aðstoð og stuðningi að halda. Sérfræðingar frá Suðurmiðstöð koma í leikskólann og fylgjast með leik og starfi barna með sérþarfir. Niðurstöður skimana sérfræðinganna eru kynntar foreldrum og út frá því er tekin ákvörðun um hvernig vinna á áfram með barnið í samráði við foreldra.

Lausnateymisfundir með aðilum leikskólans og Suðurmiðstöð eru á sex vikna fresti.

12 Mat á námi og velferð barna

Innra mat

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á og hvar þau standa í hinum alhliða þroska. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt daglegu starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna.

Markmið mats er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og líðan. Upplýsingar matsins eru notaðar til að styðja við nám og vellíðan barna, við skipulagningu leikskólastarfsins í samstarfi við börn og foreldra. Mat á einnig að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt. (Aðalnámskrá leikskóla.)

Í 3. grein laga segir:

Hver leikskóli skal með kerfisbundnu innra mati leggja mat á árangur og gæði skólastarfs. Innra mat skal byggja á fjölbreyttum gögnum sem taka mið af viðfangsefnum hverju sinni og skulu starfsfólk, foreldrar, börn og foreldraráð taka þátt í því eftir því sem við á.

Virkt innra mat skal vera samofið annarri starfsemi leikskóla og skapa forsendur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum að markmiðum og aukinni ábyrgð leikskóla á eigin starfi. Innra mat skal vera umbótamiðað og ná til allra helstu þátta skólastarfsins.

Í Vinaminni eru meðal annars notaðar skráningar og skimanir til að meta leikskólastarfið. Mat á námi og alhliða þroska barnanna í leik og starfi s.s. sjálfstæði, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkrafti, þátttöku í leik, samskipti, tjáningu, líðan og áhugasviði, svo eitthvað sé nefnt, fer fram meira og minna yfir allt skólaárið. Á deildarfundum og deildarstjórafundum eru skráningarnar sem gerðar hafa verið á stöðu barna skoðaðar til að endurmeta skólastarfið og skipuleggja áframhaldandi starf með börnunum.

Eins og fram hefur komið er stuðst við skimanir til að skoða málfrarslega stöðu barnanna t.d. er EFI-2 lagt fyrir öll börn sem eru orðin rúmlega þriggja ára gömul. EFI-2 er málþroskaskimun sem segir til um stöðu þeirra í málþroska, skilningi og tjáningu. HLJÓM-2 er skimun sem lögð er fyrir öll börn á síðasta leikskólaári og segir til um hljóðkerfis- og málvitund barnanna. Með þessum skimunum er auðvelt að greina þau börn sem eru í áhættu vegna málþroska og grípa inn í þar sem það á við.

Enn fremur er stuðst við AEPS listann en hann er færni miðað matskerfi fyrir börn með þroskafrávik. AEPS er hagnýtt tæki sem nýtist við gerð einstaklingsnámskrár og lögð er áhersla á samstarf foreldra og starfsmanna við gerð markmiða. AEPS matskerfið nýtist til að meta færni barna á sex þorskasviðum: Fin- og gróf-hreyfingum, færni í daglegum athöfnum, vitsmunabætti, félagslegum tjáskiptum og félagslegum samskiptum. Listinn metur færni og framför barna út frá stöðu barnsins sjálfs, en ekki út frá normal kúrvu eða meðaltali.

Allir nýir foreldrar sem koma með börnin sín í leikskólann fylla út lista sem segir til um hvað börnin eru farin að segja mörg orð þegar þau byrja í leikskólanum um eins árs aldur (Mat foreldra á þáttum sem tengist máltöku barna frá fæðingu). Deildarstjórar styðjast við listann þegar þeir eru að skipuleggja málumhverfi og verkefni barnanna að hausti. Foreldrar bæta í listana í foreldraviðtölum í febrúar-mars og deildarstjóri og foreldrar ræða saman um framfarir barnanna og ákveða framhald í málörvun og máltöku saman.

Foreldrar eru vel upplýstir um daglegt starf í leikskólanum. Deildarstjórar senda vikupóst á hverjum föstudegi til foreldra og segja þeim hvað börnin hafa verið að gera yfir vikuna, og hvað er framundan. Foreldrar geta þá haft samband við deildarstjóra barnsins síns ef þau vilja vita meira eða vilja koma á framfæri tillögum um starfið. Foreldrar eru hvattir til að koma með hugmyndir að starfinu til leikskólastjóra eða deildarstjóra því þannig hjálpast foreldrar og leikskólinn að við að gera starf barnanna innihaldsríkara og betra.

Foreldrafundir eru haldnir á haustin. Foreldrum barna af einni deild í einu er boðið að koma á kynningu á vetrarstarfi barnanna og starfsáætlun komandi skólaárs. Þarna gefst foreldrum tækifæri á að koma með ábendingar og athugasemdir um leikskólastarfið sem deildarstjórar skrá hjá sér og styðjast við til endurbóta á starfi deildanna. Foreldrar eru mjög duglegir að koma á foreldrafundina og heyra um skólastarf barna sinna. Foreldrum er boðin gæsla fyrir börnin í skólanum meðan á fundi stendur.

Dagleg samskipti foreldra og starfsmanna er nauðsynlegur þáttur í endurmati skólastarfsins. Foreldrar láta vita strax ef eitthvað er ábótavant gagnvart barninu þeirra, og eins láta starfsmenn skólans foreldra vita ef eitthvað er ábótavant hjá foreldrum gagnvart barninu eða ef barnið hefur meitt sig eða lent í lítilsháttar óhappi. Ef um stærri meiðsli er um að ræða hjá barninu eins og höfuðhögg eða annað þess háttar er strax haft samband við foreldra og þeir koma og meta meiðslin þ.e.a.s. ef ekki hefur orðið slys og barnið þarfnast strax aðhlynningar læknis, þá mæta foreldrar á slysadeild. Dagleg samskipti foreldra við starfsmenn leikskólans er þáttur í endurmati skólastarfsins. Allar athugasemdir og hugmyndir sem koma frá foreldrum eru skoðaðar og nýttar til endurmats á starfinu ef þess er kostur.

Formlegt innra mat fer fram að vori ár hvert þar sem skólastarfið er endurmetið. Skráningar vetrarins, fundargerðir frá starfsmannafundum, deildarfundum, deildarstjórafundum, foreldrafundum og samtölum við elstu börn leikskólans eru skoðaðar og unnið úr þeim. Ákveðnir þættir og aðbúnaður skólastarfsins eru endurskoðaðir hverju sinni fyrir umbótaáætlun starfsáætlunarinnar fyrir næsta skólaár. Allir starfsmenn skólans taka þátt í umbótaáætlun og starfsáætlanagerð skólans ár hvert. Foreldraráð rýnir starfsáætlunina og gefur henni umsögn.

Áætlun um endurmat skólastarfsins næstu 4 ár

Árið 2025-2026	Inngilding - fullgilding Innleiðing farsældar barna Stjórnunarhættir Kenningar Beritar Bae í starfi skólans	Þessir þættir verða endurmetnir skólaárið 2025-2026 af öllu starfsfólki skólans.	Stuðst verður við skráningar á starfinu yfir skólaárið, deildarfundum, starfsmannafundum og deildarstjórafundum og úr foreldraviðtölum
Árið 2026-2027	Málþroskastarf leikskólans Heilbrigði og velferð/sköpun Kenningar Piaget í starfi skólans	Þessir þættir verða endurmetnir skólaárið 2026-2027 af öllu starfsfólki skólans.	Stuðst verður við skráningar á starfinu yfir skólaárið frá deildarfundum, starfsmannafundum og deildarstjórafundum og úr foreldrafundum
Árið 2027-2028	Samskipti og félagsþroski Sjálfbærni og vísindi/líðræði og mannréttindi Kenningar Bronfenbrenner í starfi skólans	Þessir þættir verða endurmetnir skólaárið 2027-2028 af öllu starfsfólki skólans.	Stuðst verður við skráningar á starfinu yfir skólaárið, deildarfundum, starfsmannafundum og deildarstjórafundum og úr foreldrafundum
Árið 2028-2029	Kenningar Beritar Bae Jafnrétti/læsi Annað sem verður þá í öndvegi	Þessir þættir verða endurmetnir skólaárið 2028-2029 af öllu starfsfólki skólans.	Stuðst verður við skráningar á starfinu yfir skólaárið, deildarfundum, starfsmannafundum og deildarstjórafundum og úr foreldrafundum

Ytra mat

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar sér um ytra mat á skólastarfinu. Annað hvert ár eru lagðar spurningakannanir fyrir foreldra leikskólans. Niðurstöður könnunarinnar eru síðan sendar leikskólanum sem starfsmenn skólans stiðjast við þegar skólastarfið er endurmetið og skipulagt.

13 Fjölskyldan og leikskólinn

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskólanum eru börn frá ólíkum menningarheimum og þurfa þau að samlagast sínum nýja menningarheimi og jafnframt að fá að halda í og njóta sérstöðu sinnar og þeirrar menningar sem þau koma úr (inngilding). Leitast er við að hvert einstakt barn fái við viðfangsefni á sínum forsendum. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Í leikskólanum eru öll börnin í brennidepli. Allt starf, starfsaðstaða, leikumhverfi, efniviður er skipulagt með tilliti til velferðar og náms allra barnanna í skólanum. Börnin eru mikilvægasta fólk þjóðfélagsins og ber starfsmönnum að virða þau og gefa þeim tækifæri til að þroska með sér hæfileika og færni í leikskólastarfinu. Starfsmenn eru barnanna vegna í leikskólanum og ber að sjá til þess að þau njóti þeirra réttinda sem þau eiga skilið. Börnin eru þátttakendur í skipulagningu starfsins og þau hafa um það að segja hvaða viðfangsefni eru í boði á leiksvæðunum hverju sinni. Starfsmenn gera skráningar í leikskólastarfinu svo öll börn fái sömu tækifæri til ákvarðanatöku verkefna og aðstæðna. Börnin í Vinaminni starfa á sínum forsendum í þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur, þau ákveða hvað þau gera, með hverjum þau leika og hvernig þau framkvæma starf sitt en allt í gegnum leikinn. Leikurinn veitir börnunum vellíðan þar sem grunnþættir menntunar og námssvið leikskólans fléttast inn í.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfs er mikilvægur liður í því að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna. Þegar börn hefja leikskólagöngu þurfa foreldrar og leikskóli að leggja grunn að samstarfi þar sem umhyggja og velferð barna er höfð að leiðarljósi. Þar ber leikskólakennurum og öðru starfsfólki að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu. Samstarf starfsfólks leikskóla og foreldra þarf að byggjast á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra. Mikilvægt er að á milli þessara aðila ríki traust, þeir geti deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða einstök börn. (Tilvitnun lýkur.)

Markmið með foreldrasamstarfi í Vinaminni

- *Að allir foreldrar skólans finni traust og kærleika starfsmanna í starfinu og séu öruggir með börnin sín í leikskólanum*
- *Að stuðla að opnum og traustum samskiptum og samvinnu milli heimilis og skóla*
- *Að hvetja foreldra til að láta deildarstjóra/leikskólastjóra vita ef þeim finnst eitthvað að í starfi skólans eða ef þeim finnst eitthvað ábótavant í námi barna þeirra*
- *Að hafa upplýsingagjöf til foreldra um líðan og framfarir barna þeirra í skólanum góða og upplýsandi*
- *Að foreldrar finni að það er metnaður í námi skólans og börnin þeirra fái notið alls þess sem þeim ber í skólastarfinu*
- *Að skapa umræðuvettvang fyrir skoðanaskipti starfsmanna og foreldra um uppeldi barna*

Foreldrasamstarf

Leikskólinn Vinaminni leggur ríka áherslu á góða samvinnu milli foreldra og leikskólans enda er það forsenda fyrir árangursríkri dvöl barnsins í leikskólanum og góðri líðan þess.

Foreldrar þurfa að finna fyrir trausti og öryggi með leikskólagöngu barnsins/barnanna og finna að því/þeim liður vel. Foreldrar þurfa að finna að starfsmenn leikskólans leggi sig fram við að vera faglegir, glaðlegir, kærleiksríkir, þolinmóðir, góðar fyrirmyndir og sýni börnum, foreldrum og samstarfsaðilum virðingu og hlýju í starfinu með börnunum. Foreldrar fara þá glaðir og áhyggjulausir til starfa sinna og skila þar af leiðandi betri vinnu til samfélagsins. Börnin eru hornsteinar þjóðfélagsins og munu erfa land og þjóð í framtíðinni svo bernskan þar sem grunnur er lagður í leikskólastarfinu á að veita börnunum þá bestu þroskamöguleika sem kostur er á. Þessi dýrmæti tími má ekki fara til spillis þess vegna leggja starfsmenn Vinaminnis mikla áherslu á farsælt og ríkt foreldrasamstarf. Foreldrar eru ávallt velkomnir í leikskólann til að taka þátt í starfinu.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal til leikskólastjóra áður en barnið byrjar í skólanum. Markmiðið með viðtalinu er að foreldrar kynnist leikskólastjóranum og finni hvaða áherslur hann leggur til grundvallar leikskólastarfsins. Einnig til að mynda traust milli þessara aðila. Leikskólastjóri sýnir foreldrum skólann og segir frá starfinu á hverri deild fyrir sig. Síðan fer hann yfir markmiðin með leikskólastarfinu og leiðir að þeim. Foreldrar fylla út dvalarsamning og meðfylgjandi samning um hvort foreldrar samþykki að barnið taki þátt í vettvangsferðum, strætóferðum, hvort foreldrar samþykki að teknar séu myndir af barninu til að hafa í skýrslum skólans eins og skólanámskrá og starfsáætlun. Einnig er leitað eftir samþykki foreldra vegna málþroskaskimana og þátttöku í *Læsi allra mál*. *Læsi allra mál* er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla í Breiðholti um mál og læsi barna.

Foreldrar fá þá einnig upplýsingar um foreldrafélagið og starfsemi þess og þeir veita þær upplýsingar um barnið sem nauðsynlegt er að starfsfólk leikskólans viti um.

Leikskólastjóri biður foreldra að hafa opið og notalegt samstarf við leikskólann og láta vita strax ef það er eitthvað sem þeim mislíkar í skólanum því starfsmenn geta ekki lagað það nema vita af því sem foreldrum finnst miður, en þá er eftirleikurinn auðveldur. Einnig ef foreldrar fá hugmyndir að skemmtilegum hlutum tekur leikskólinn fagnandi á móti því, sumt er hægt að framkvæma annað ekki. Á þennan hátt vinna foreldrar og leikskóli að betra skólastarfi fyrir börnin.

Aðlögun barna

Aðlögun barna fer þannig fram að deildarstjóri tekur á móti barninu og foreldrum þess og býður þeim inn á deild barnsins. Foreldrar og barn fá þann tíma sem þau þurfa til að barnið og foreldrar nái öryggi í leikskólanum. Fyrsti dagurinn er heimsókn þar sem barnið kemur með foreldri/foreldrum og dvelur aðeins í klukkustund. Barnið skoðar sig um á deildinni sinni, leikur með þau viðfangsefni deildarinnar sem því finnst áhugaverð og hefur mömmu og pabba sér til stuðnings. Tíminn sem barnið er næstu daga smá lengist dag frá degi þar til það er komið í sinn dvalartíma. Foreldrar eru með barninu hluta úr degi í u.þ.b. þrjá daga, en að sjálfsgöðu fer það eftir einstaklingunum hversu langan tíma aðlögunin tekur og hve lengi foreldrar þurfa að vera með barninu. Lögð er áhersla á að aðlögunin fari rólega fram og umhverfið á deildinni sé rólegt og notalegt meðan barnið er að finna öryggi, kynnast deildinni og starfsmönnum.

Foreldrafundir

Foreldrafundir eru haldnir að hausti fyrir foreldra einnar deildar í einu. Fundirnir eru haldnir kl. 15.30-16.30 og er foreldrum boðin gæsla í leikskólanum fyrir börnin meðan á fundi stendur. Leikskólastjóri fer yfir starfsáætlun komandi skólaárs og deildarstjóri kynnir starf deildarinnar fyrir foreldrum. Stjórn foreldrafélagsins kynnir störf félagsins fyrir foreldrum og kosið er í stjórn þess. Umræður.

Foreldraviðtöl

Fyrirfram ákveðin foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Foreldrar barna sem eru að færast milli deilda fá foreldraviðtal að hausti við nýja deildarstjórn til að kynnast og skiptast á skoðunum og upplýsingum um barnið. Á vorönninni eru foreldrar boðaðir í foreldraviðtal en þá er farið nánar yfir þroskastöðu barnsins í leikskólanum. Foreldrar geta alltaf fengið viðtal við deildarstjóra eða leikskólastjóra eftir þörfum og öfugt.

Dagleg samskipti, vikupóstar deildarstjóra

Góð, notaleg dagleg samskipti og gagnkvæmar upplýsingar starfsmanna og foreldra er mjög mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og undirstaða þess að börnunum og foreldrum þeirra líði vel í dagsins önn. Deildarstjórar senda póst til foreldra vikulega með upplýsingum um hvað börnin aðhöfðust þá vikuna og hvað sé framundan í þeirri næstu. Einnig senda deildarstjórar stundum fræðslupistla til foreldra í þessum póstum um ýmis málafni eins og t.d. málþroska, félagsfærni, leiki barna og annað sem alltaf er gott að heyra.

Niðurstöður skimana

Foreldrar eru boðaðir á fund til þeirra aðila sem taka málþroskaskimanir hjá börnunum til að skila niðurstöðum skimananna.

Foreldrafræðsla

Foreldrum barna í leikskólanum hefur tvö undanfarin ár verið boðin fræðsla um málþroska barna. Talmeinafræðingur á Suðurmíðstöð hefur séð um fræðsluna við góðar undirtektir foreldra. Fræðslan hefur verið aldursskipt þannig að foreldrar sem eiga t.d. 2ja ára gömul börn eru saman í fræðslutíma, 3j ára saman og o.s.frv.

Foreldramorgunverður

Sjá nánar um foreldramorgunverð undir kaflanum [Sérstaða skólans](#).

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun er gerð annað hvert ár í leikskólum borgarinnar og taka foreldrar barnanna í Vinaminni þátt í þeim könnunum.

14 Tengsl skólastiga

Í Aðalnámskrá leikskóla segir:

Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á næsta skólastigi. Að ljúka leikskólanámi og byrja í grunnskóla felur í sér breytingar fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Mikilvægt er að nám og uppeldi í grunnskóla byggist á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Þannig þarf sú þekking og þau viðfangsefni, sem börnin voru að fást við í leikskólanum, að verða grunnur sem grunnskólanámið byggist á, jafnframt því sem þau fá tækifæri til að takast á við ögrandi verkefni og öðlast nýja reynslu. (Tilvitnum lýkur.)

Í Vinaminni er unnið gott og uppbyggilegt starf með elstu börnum skólans til að undirbúa þau sérstaklega fyrir áframhaldandi nám í grunnskólanum. Mikið er lagt upp úr því að samfella myndist í námi barnanna milli leik- og grunnskólans svo börnin eigi sem auðveldast með að fara milli þessara skólastiga örugg og full tilhlökkunar. ([sjá Vísdomsstundir](#)) Í starfinu með elstu börnum skólans er unnið mikið með samvinnu, tjáningu, félagsfærni, sjálfstæði, hjálpssemi, málþroska, tilfinningar, leiklist og margt fleira sem hjálpar börnunum að aðlagast nýja skólastiginu og takast á við hindranir sem verða á vegi þeirra.

Elstu börn leikskólans fara í heimsóknir í grunnskólann að vori. Heimsóknirnar eru þrjár ýmist með leikskólakennaranum sínum eða foreldrum sínum. Í fyrstu heimsókninni í grunnskólann tekur skólastjórinn á móti börnunum, býður þau velkomin í skólann og sýnir þeim hann, þau fá þá að heimsækja bókasafn skólans og staldra við þar. Í næstu heimsókn er börnunum boðið í sex ára bekk til kennarans sem mun taka á móti þeim að hausti. Börnin eru þá í 1-2 klukkutíma í grunnskólanum. Í þriðju heimsókninni sem er með foreldrum eru börnin í hálfan dag í grunnskólanum þau hafa með sér nesti í skólann og þau taka þátt í því starfi sem kennarinn hefur skipulagt fyrir þau. Börnin eru alsæl með þessar heimsóknir og biða spennt eftir því að takast á við grunnskólanámið.

Nemendur sem hófu grunnskólagöngu að hausti koma í heimsókn í leikskólann með kennara sínum úr grunnskólanum í byrjun vetrar og dvelja dagspart í leikskólanum við mikinn fögnuð allra aðila þ.e. grunnskólabarnanna og leikskólabarnanna.

Í reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla segir:

Til nauðsynlegra upplýsinga teljast m.a. persónuupplýsingar um heilsufar, sérþarfir, líkamlega og andlega getu til náms, leiks eða annars skólastarfs. Hér er átt við upplýsingar sem afla þarf til að tryggja velferð, menntun og þroska nemenda samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla eða til að sveitarstjórn, og eftir atvikum skólastjórnendur, geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þeim lögum. Persónuupplýsingar geta verið:

- Almennar upplýsingar um félagslega stöðu og þroska barna.
- Kennslufræðilegar, læknisfræðilegar, sálfræðilegar, sérkennslufræðilegar greiningar og aðrar greiningar og sérúrræði fyrir börn, sérkennsluumsóknir, námsáætlanir vegna sérúrræða, einstaklingsnámskrár og aðrar bakgrunnsupplýsingar sem að gagni geta komið fyrir velferð og aðlögun barna í grunnskóla.
- Hvers konar skrifleg eða stafræn gögn svo sem skýrslur, greinargerðir og umsagnir er varða velferð og skólagöngu barns.

Skilafundur leikskólans til grunnskólans sem börnin hefja nám í að hausti fara fram að vori. Leikskólastjóri hefur samband við grunnskóla barnanna að vori og fær fundi með grunnskólakennurum, sérkennslustjórum og aðstoðarskólastjórum skólanna. Leikskólastjóri eða deildarstjóri og oft foreldrar barnsins mæta á fund í grunnskólann, farið er yfir stöðu barnsins sem er að hefja grunnskólagöngu og öll þau gögn sem leikskólinn hefur í vörslu um stöðu barnsins í leikskólanum. Gögnunum og Hljóm-2 niðurstöðum er svo skilað til grunnskólans samkvæmt reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.

Á síðustu árum hafa nokkrir grunnskólar boðið elstu börnum leikskólans að byrja í frístundaheimilum í júní. Geta foreldrar þá valið um það hvort barnið byrjar í frístund að vori eða verður áfram í leikskólanum fram að sumarfríi eða til upphafs grunnskólans sem er í kringum 20. ágúst ár hvert. Mismunandi er hvað foreldrar

gera, sumir foreldrar vilja að barnið byrji að vori á frístundaheimilum meðan aðrir foreldrar vilja að börnin séu í leikskólanum þar til grunnskólinn byrjar.

Frístundaheimilið í Seljaskóla hefur boðið elstu börnum leikskólans í heimsókn að vori.

Markmið:

- *Að stuðla að samfellu milli skólastiganna leikskólans og grunnskólans*
- *Að börnin séu vel undirbúin til að fara út í hinn stóra heim grunnskólans, örugg og sjálfstæð*
- *Að börnin séu félagslega sterk, með góðan málþroska og hafi hugrekki til að takast á við þær áskoranir sem mæta þeim á nýja skólastiginu, grunnskólanum.*

Samstarf

Leikskólinn Vinaminni á í samstarfi við ýmsa aðila, stofnanir og fyrirtæki í nærumhverfi og út um allan bæ. Farið er með börnin í námsferðir og skoðunarferðir yfir skólaárið á hina ýmsu staði sem tengjast starfinu sem þau vinna að í skólanum. Einnig eru aðilar sem koma í skólann og skemmta börnunum.

Vettvangsferðir um nærumhverfi leikskólans

Bókasafnið í Gerðubergi

Slökkvilið höfuðborgarinnar

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Borgarleikhúsið

Þjóðleikhúsið

Harpa

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn

Árbæjarsafn

Þjóðminjasafnið

Umferðaskólinn og lögreglan

Sjóminjasafnið

Hvalasafnið

Gerðuberg, sýningar og gamla fólkið heimsótt þar og dansað með þeim

Maxímús kemur í heimsókn

Þórdís Arnljótsdóttir leikkona með *Leikhús í tösku*

Jólasveinapjónusta Skyrgáms

Farandleikskýningar

15 Daglegt líf í leikskóla

Eins og fram hefur komið fléttast námssvið og námsþættir inn í daglegt líf og leiki barnanna. Borðhald, hvíld, hreinlæti og að klæða sig úr og í eru mikilvægir þættir í námi barnanna. Börnin hjálpa sér sjálf eftir því sem þroski þeirra og geta leyfa, það eykur sjálfstæði þeirra og styrk. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnanna.



Dagskipulag fyrir 2½ til 6 ára gömul börn

Dagskipulag leikskólans, sem þó er sveigjanlegt, gefur starfinu ákveðna festu og veitir börnum og starfsmönnum skólans öryggi. Dagskipulagið er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri og veitir hverju barni öryggi.

Dagskipulag fyrir 2½ til 6 ára gömul börn

07.30		Leikskólinn opnar, tekið á móti börnunum á einni deild
08.00	- 09.00	Börnin fara inn á sínar deildir, morgunverður, börnin borða jafnóðum og þau koma í skólann en fara að því loknu í leik á sinni deild
09.00	- 09.15	Alstund, valstund
09.15	- 11.30	Börn í leik á leiksvæðum t.d. fara þau í val, hópastarf, flæði, vísdomsstundir, íþróttir eða annað sem börnin velja að gera Ávaxtastund er á miðjum morgni á öllum deildum en á mismunandi tíma.
11.30	- 12.00	Tiltekt á leiksvæðum, samverustund með sagnalestri og söng. Undirbúningur fyrir hádegisverð
12.00	- 12.30	Hádegisverður
12.30	-	Útivera
14.30	- 15.00	Söngstund, undirbúningur fyrir síðdegishressingu
15.00	- 15.20	Síðdegishressing
15.20	- 16.30	leikur á deildum, flæðilestur, jafnvel útivera
16.30		Leikskólinn lokar

Dagskipulag fyrir 1 til 2½ árs gömul börn

07.30		Leikskólinn er opnaður
08.00	- 09.00	Morgunverður. Börnin borða jafnóðum og þau koma í skólann en fara að því loknu í leik á sinni deild
9.00	- 9.15	Alstund, söngur, lesin saga
09.00	- 09.30	Leikur á deildum
09.30	- 09.45	Ávaxtastund, samvera, lesin saga
09.45	- 10.40	Útivera, leikur á deildum, hópavinna, stöðvavinna
10.40	- 11.00	Undirbúningur fyrir hádegisverð
11.00	- 11.15	Söngstund
11.15	- 11.45	Hádegisverður
11.45	- 14.00	Hvíldartími
13.00	- 14.00	Börnin vakna
14.00	- 15.00	Útivera, leikur á deildum, hópavinna, stöðvavinna, hreyfing
15.00	- 15.20	Undirbúningur fyrir síðdegishressingu
15.20	- 15.30	Söngstund
15.30	- 16.00	Síðdegishressing
16.00	- 16.15	Samvera, lesin saga
16.15	- 16.30	Leikur á deildum
16.30		Leikskólinn lokar

Lögð er mjög mikil áhersla á að taka vel á móti hverju barni þegar það kemur í skólann svo það finni sig velkomið og mikilvægt í leikskólanum. Börnin þurfa að upplifa öryggi og það viðmót sem þau mæta getur haft úrslitapýðingu varðandi góð samskipti vellíðan og tengsl.

16 Hefðir og hátíðir

Setning Vísdomsstundanna

Setning vísdomsstundanna fer fram í byrjun september. Foreldrum barna, sem taka þátt í vísdomsstundum, er boðið að koma og vera viðstaddir setninguna. Námsgögn og tilhögun stundanna er kynnt og stundirnar formlega settar. Foreldrum og börnum er boðið upp á ávaxta og grænmetishressingu, vatn og kaffisopa. Að því loknu byrja börnin í fyrstu vísdomsstund vetrarins en foreldrarnir halda aftur til sinna starfa. Mikil eftirvænting og tilhlökkun ríkir á þessum degi hjá börnunum og foreldrum þeirra.

Hópastarf byrjar

Hópastarfið byrjar viku síðar en vísdomsstundirnar, ekki eins formlega þó, en mikil eftirvænting og tilhlökkun ríkir í barnahópnum þegar hópastarfið byrjar.

Hrekkjavaka

Hrekkjavaka er komin til að vera en síðastliðin ár hafa börnin með hjálp starfsmanna útbúið skólastofuna fyrir hrekkjavökuna með alls kyns hrekkjavökudóti. Þau hafa notað allan efnivið sem þeim dettur í hug til að gera skólastofuna sem mest *hrekkið*. Þau hafa búið til göng til að fara í gegnum með tilheyrandi hljóðum og draugagangi. Þau hafa útbúið drauga og furðuverur sem hengdar hafa veið upp um stofuna. Blikkandi ljós, tónlist í stíl og allt gert heldur *hrekkið*.

Börnin mæta svo í furðufötum fá andlitsmálningu ef þau vilja og skemmta sér vel.



Jólaleiksýning

Í desember er stuðlað að því að jólastemning sé ríkjandi í starfinu. Í byrjun desember býður foreldrafélagið börnunum upp á jólaleikrit þar sem leikhópur kemur með sýningu inn í leikskólann.



Aðventukrans jólalög

Börnin búa til aðventukransa á hverri deild, sungin eru jólalög alla daga allan mánuðinn og lesnar jólasögur. Vísur Jóhannesar úr Kötlum eru ómissandi liður í jólaundirbúningnum og börnin mörg hver kunna þær allar.



Jólatrésskemmtun

Haldin er jólatrésskemmtun þegar nær dregur jólum. ([Sjá ofar: Jólaball.](#)) Þá er dansað í kringum jólatréð og jólasveinninn kemur með glaðning í poka fyrir börnin. Í hádeginu þann dag er jólamatur á borð borinn.



Kirkjuferð

Börnum og starfsmönnum er boðið í heimsókn í Fella- og Hólakirkju í desember. ([Sjá ofar: Kirkjuferð.](#))



Bóndadagur – Þorrablót

Á bóndadaginn er haldið þorrablót í Vinaminni og snæddur hefðbundinn íslenskur þorramatur. Börnin eru hvött til að smakka sem flestar tegundir af þorramatnum. Það er nauðsynlegt fyrir börnin að kynnst íslenskri matarmenningu og leikskólinn er sá vettvangur sem kynnir þessa menningu fyrir þeim. Börnin hanna og búa til víkingahatta sem þau skarta á þorrablótinu, gerð eru langborð í hádeginu og mikil stemning ríkir í skólanum.



Bolludagur – sprengidagur – öskudagur

Þessir bræður bolludagur, sprengidagur og öskudagur eru ómissandi í íslensku menningarlífi. Börnin borða bollur á bolludaginn. Á sprengidaginn gæða sér allir á saltkjöti og baunum. Öskudagur rennur síðan upp með mikilli tilhlökkun barnanna þegar allir sem vilja klæðast furðufötum, fá andlitsmálningu og kötturinn er sleginn úr tunnunni. Síðan stíga börn og starfsfólk villtan dans meðan kraftar endast.



Konudagur – Sparifatadagur

Föstudaginn fyrir konudag hefur skapast sú hefð í Vinaminni að allir, börn og starfsfólk, mæta í sparifötunum í skólann. Foreldrar koma í foreldramorgunverð eins og aðra föstudaga og dagurinn er eftirminnilegur fyrir börn foreldra og starfsmenn.

Páskaeggjaleit

Í vikunni fyrir páska fer fram mikil páskaeggjaleit í leikskólanum. Börnin stór og smá hafa í vikunum á undan búið til fullt af pappamassaeggjum og málað þau í öllum regnbogans litum.

Þann dag sem páskaeggjaleitin fer fram eru ákveðið mörg egg falin á deildunum meðan börnin hlusta á sögu. Síðan fara börnin að leita að eggjunum en þau þurfa að finna öll eggin sem voru falin. Að leit lokinni geta börnin valið sér egg úr eggjapottinum og þau fá líka skrautegg sem þau geta sett á páskagreinina sína sem þau höfðu náð í út í náttúruna og skreytt páskaskrauti.

Slíkur feluleikur er vinsæll og mikill gleðigjafi fyrir börnin við þetta stórskemmtilega verkefni.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Á hverju skólaári er elstu börnunum í Vinaminni boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Börn og starfsmenn fara í strætó á tónleikana. Á leiðinni gefst gott tækifæri til að ræða við börnin um umhverfið, merk hús, sjóinn, fjöllin, gróðurinn eða snjóinn og annað sem fyrir augun ber. Tónleikarnir hrífa börnin upp á æðra plan þau fylgja tónlistinni og dansinum eftir og virkilega njóta. Einnig hafa verið sendir út tónleikar frá Hörpu sem börnin hafa getað horft á í skólanum í gegnum Skype.

Vísðómsstundaslit

Á vorin þegar vetrarstarfinu lýkur er vísðómsstundunum slitið formlega. Börnin gista eina nótt í leikskólanum og að morgni næsta dags er foreldrum, ömmum og öfum útskriftarbarnanna boðið að koma og vera viðstödd vísðómsstundaslitin. Börnin syngja „Við erum ung“ og svo sýna þau foreldrum sínum leikritið sitt sem þau hafa unnið að alla vorönnina. Þegar því er lokið fara börnin í sparifötin sín og þau eru útskrifuð úr Vísðómsstundum. Þau fá afhent handrit af sögunni sem þau gerðu fyrir leiksýninguna, viðurkenningarskjal sem þau hafa skreytt með því að allir teikna mynd af sér á það og svo fá þau rós. Að lokum er vísðómsstundunum slitið og börnin bjóða gestum sínum veitingar. Þetta er hátíðleg stund með börnum, foreldrum, ömmum og öfum sem allir njóta.

Hópastarfaslit

Hópastarfinu er slitið þegar vetrarstarfinu lýkur. Börn og starfsfólk, koma saman í Skólastofunni. Barnahópurinn kemur fram fyrir alla á deildinni, syngur hópalagið sitt en það lag er sungið í upphafi hverrar stundar allan veturinn. Börnin fá afhentar möppurnar sínar sem hefur að geyma öll myndlistarverkefni sem tengjast hópastarfi vetrarins. Lokaverkefnið og verkefnamöppurnar fara börnin með heim þennan dag auk bókar sem deildarstjórinn hefur skráð allt vinnuferli barnanna yfir veturinn.

Opið hús

Einn laugardag í maí kl. 11.00-14.00 er *opið hús* í Vinaminni og öllum velunnurum barnanna er boðið að koma og skoða vetrarstarf þeirra í máli og myndum. Starfsmenn skólans hafa þá sett upp fallega myndlistarsýningu eftir börnin en verk barnanna fá að njóta sín vel. Mikil ánægja hefur ríkt meðal gesta með falleg myndlistarverk barnanna í skólanum.

Íþróttadagar

Á sumrin eru íþróttadagar í leikskólanum þegar veður er gott. Það er misjafnt hvernig íþróttadagarnir eru skipulagðir allt eftir því hvernig stemningin er. Stundum eru gerðar þrautir inni í garðinum sem börnin kljást við eða það eru gerðar þrautabrautir og íþróttaleikir fyrir utan garðinn. Síðla sumars er gulleitardagur. Það er alltaf spurning hvað er „gull“ en í þessu tilfelli hafa fjörusteinar verið sprejjaðir með gulllit og þeir faldir fyrir utan garðinn fyrir eldri börnin og inni í garðinum fyrir yngri börnin. Í lok íþróttadaga fá öll börnin viðurkenningu fyrir þátttöku á íþróttadögum.



Hjóladagar

Yfir sumartímann eru hjóladagar fyrir börnin. Börn og starfsmenn koma með hjólin sín og hjálmana í leikskólann og farið er í hjólaferðir. Elstu börnin fara oft í lengri ferðir og taka þá með sér nesti fyrir hádegisverðinn meðan yngri börnin fara í styttri ferðir um nágrenni leikskólans.



Náttfataball

Haldið er náttfataball í júní. Allir koma í/með náttfötin sín í leikskólann og klæðast þeim fyrir dansleikinn. Börnunum er skipt í fámenna hópa og hver hópur syngur fyrir börnin. Að lokum er dansað af hjartans list. Álfasteinn og Dvergasteinn sameinast með náttfataball og Völusteinn og Töfrasteinn halda saman náttfataball. Á bangsadaginn er líka náttfatadagur og þá geta börnin komið með bangsa í skólann.

Sumarhátíð

Í síðustu viku fyrir sumarfrí er haldin vegleg sumarhátíð í samvinnu við foreldrafélagið. Leigðir eru „hoppukastalar“ og garðurinn skreyttur með blöðrum og veifum sem börnin hafa útbúið. Börnin syngja fyrir foreldra og gesti og foreldrafélagið fær leikhóp til að troða upp með skemmtun. Annað hvert ár er farið í *útileikjaþrautabingó*. Börn, foreldrar og starfsfólk skemmta sér saman hluta úr degi fyrir sumarfríð, leika, spjalla og borða grillaðar pylsur og ís.

Afmæli barnanna

Afmælisdagur er stór dagur í lífi hvers barns. Í Vinaminni fær afmælisbarnið að búa sér til kórónu sem það skreytir að eigin hugmynd og ber á afmælisdaginn. Afmælisbarnið er í öndvegi þennan dag, sunginn er afmælissöngurinn fyrir það og barnið býður vinum sínum að borða með sér ávexti sem það kom með að heiman.



Öðruvísi dagar

Dagur leikskólans

Bleikur dagur

Rauður dagur

Hrekkjavaka

Dagur íslenskrar tungu

Bóndadagur en þá er líka þorrablot í skólanum

Konudagur, sparifatadagur

Öskudagur, bolludagur, sprengidagur

Fullveldisdagurinn

Þjóðhátíðardagurinn

Barnamenningarhátíð

Alþjóðlegi bangsadagurinn

Vasaljósadagur í skammdeginu

Vatnsleikjadagur

Dagur íslenskrar náttúru

Náttfatadagur

17 Útivera og hreyfing

Í Vinaminni er lögð áhersla á að börnin fari út daglega til að efla hreyfifærnina. Í útiverunni geta börnin óhindrað fengið útrás fyrir hreyfipörf sínar. Þar geta þau hlaupið, hoppað, klífað, rólað og farið í gömlu góðu útileikina.

Stuðlað er að því með verkefnavali og virkni starfsfólksins á leikvellingum að gera útiveruna fjölbreytta, skemmtilega og þar af leiðandi eftirsóknarverða. Árstíðirnar, veðráttan og þær aðstæður sem skapast í náttúrunni eru notaðar til að örva börnin til útiveru og læra um náttúruna.



Markmið:

- Að börnin njóti útiveru og hreyfingar og fái hreyfipörf sinni fullnægt
- Að börnin þjálfí grófhreyfingar sínar og líkamsstjórn
- Að börnin læri heiti á mismunandi veðurfari og læri að nota þau orð
- Að börnin kynnist náttúrunni og breytingum hennar eftir árstíðum
- Að börnin læri að klæða sig eftir veðri

Vettvangsferðir

Á sumrin eru starfsmenn duglegir að bjóða börnunum í vettvangsferðir um nærumhverfi skólans. Litlu börnin á Álfasteini fara t.d í kringum hólinn sem er fyrir utan garðinn meðan börnin á Dvergasteini fara í aðeins lengri ferðir og börnin á Völusteini og Töfrasteini fara jafnvel í Elliðárdalinn eða í brekkuna milli Efra og Neðra Breiðholts en þar er mikill gróður og skemmtilegt fyrir börnin að leika sér, upplifa, uppgötva, þreifa, sjá og finna.

Markmið:

- Að börnin njóti þess að fara út fyrir garðinn í góðu veðri
- Að börnin fái tækifæri til að kanna nærumhverfi skólans og þekkja kennileiti
- Að börnin fái tækifæri til að ræða um það sem fyrir augu og eyru ber í vettvangsferðum



Hreyfistundir

Hlutverk leikskóla er að efla alhliða þroska barnanna þar á meðal hreyfiþroska. Þegar viðrar ekki til útiveru yfir háveturinn er börnunum boðið í hreyfistundir inni. Með hreyfistundunum er verið að vinna markvisst að því að börnin hreyfi sig reglulega og þjálfhi hina ýmsu vöðva og líkamsstjórn og að þau læri slökun og öndun. Í hreyfistundunum gefst leikskólakennurum/starfsmönnum tækifæri til að fylgjast með hreyfigetu barnanna og eru því betur í stakk búnir til þess að grípa inn í ef með þarf. Börn og starfsmenn hjálpast að við að raða upp hreyfidótinu svo úr verðu skemmtileg hreyfiþraut.

Markmið:

- Að stuðla að andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna
- Að efla grófhreyfingar, liðleika, snerpu og vellíðan á líkama og sál
- Að efla, þol, úthald, samhæfingu, jafnvægi og öryggi hjá börnunum
- Að börnin læri leiki, reglur og þrautir og upplifi gleði og kátínu
- Að börnin fái útrás og læri mun á spennu og slökun
- Að efla líkamsvitund barnanna

18 Foreldrafélag – foreldraráð

Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum. Það stendur fyrir fræðslufundum fyrir foreldra og starfsmenn. Félagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir börnin, ýmist inni í leikskólanum eða utan hans. Foreldrafélagið og leikskólinn halda síðan sameiginlega sumaráhátíð í leikskólanum næstsíðasta dag fyrir sumarfrí.

Markmið foreldrafélagsins eru:

- Að efla samskipti foreldra við skólann
- Að stuðla að fræðslu til foreldra og starfsmanna
- Að veita stjórnendum skólans stuðning og aðhald við rekstur hans
- Að efla tengsl barna og foreldra

Fundir foreldrafélagsins

Stjórn foreldrafélagsins heldur fundi reglulega og skipuleggur störf félagsins. Foreldrafélagið stendur fyrir fræðslufundum fyrir foreldra og starfsfólk einu sinni á ári.

Foreldraráð

Foreldrar í foreldraráði lesa yfir starfsáætlanir og skólanámskrár þegar þær hafa verið endurgerðar og gefa þeim umsögn.

Ýmsir viðburðir á vegum foreldrafélagsins:

- Leiksýningar 2 yfir árið
- Jólabball, í samstarfi við leikskólann
- Námskeið fyrir foreldra og starfsmenn
- Sumarhátíð í samstarfi við leikskólann
- Facebooksíða foreldrafélagsins
- Vorferð

19 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Leikskólastarfið í Vinaminni byggir á grunngildum Barnasáttmálans um að börn eru öll jöfn, þátttaka barna og menntun þeirra.

ÖLL BÖRN ERU JÖFN

Öll börn eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúá, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru fötluð, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

3. gr.

ÞAÐ SEM BARNINU ER FYRIR BESTU

Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga að sjá til þess að fólk sem ábyrgt er fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi og staðir sem ætlaðir eru börnum uppfylli einnig þær skyldur.

12. gr.

Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

13. gr.

Börn eiga rétt á því að deila skoðunum sínum, vitneskju og hvernig þeim líður með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

29. gr

MARKMIÐ MENNTUNAR

Menntun á að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntun á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.

Af heimasíðu Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna www.barnasattmali.is

20 Menntastefna Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið Menntastefnu Reykjavíkurborgar er að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs.

Tvö leiðarljós vísa veginn á næstu árum, hið fyrra er „Barnið sem virkur þátttakandi“ og hið síðara er „fagmennska og samstarf í öndvegi“. Grundvallarþættir stefnunnar eru fimm: félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði.

Leiðarljós – barnið sem virkur þátttakandi

Menntastefnan byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með mennta- stefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nógildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Fagmennska og samstarf í öndvegi

Í skóla- og frístundastarfi borgarinnar starfar fram- sækid starfsfólk sem rýnir eigin starfsaðferðir, vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og tileinkar sér nýja starfs- og kennsluhætti. Hlutverk starfsfólks skóla- og frístundasviðs er að koma til móts við þarfir barna og stuðla að alhliða þroska þeirra ásamt því að búa þau undir virka þátttöku í fjölmennningar- og fjölþjóðlegu lýðræðissamfélagi sem tekur örur breytingum. Í þessu samhengi skiptir miklu að virkja áhuga og ástríðu allra barna og unglinga en það hefur bein áhrif á árangur þeirra. Til þess að það takist þarf að styðja faglegt frumkvæði starfsfólks, veita því rík tækifæri til starfsþróunar og markvissa ráðgjöf og handleiðslu í starfi. Tryggja þarf að húsnæði og aðstaða til skóla- og frístundastarfs veiti fullnægjandi umgjörð um metnaðarfullt starf og stuðli að heilbrigði og vellíðan barna og starfsmanna.

Fjölskyldur barna í skóla- og frístundastarfi eru mikilvægir samstarfs- aðilar þeirra sem þar starfa og deila með þeim ábyrgð á menntun og uppeldi.

Starfsfólk á frumkvæði að samstarfi við foreldra og vinnur að þróun leiða sem taka mið af ólíkum þörfum, menningu og reynslu barna og foreldra. Fjölbreytt og þverfaglegt samstarf innan starfsstaða, milli starfsstaða og við stofnanir og aðila í samfélaginu stuðlar að þróun menntunar.

Markmið menntastefnu Reykjavíkurborgar fléttast inn í allt starf leikskólans Vinaminnis en börnin eru í brennidepli í öllu starfi skólans og fá tækifæri til að öðlast færni, hæfileika, sjálfstæði, félagslega hæfni, ríkulegt málumhverfi, vináttu, virðingu, jafnrétti o.s.frv. í fjölbreytileika leiksins sem þau þjálf sig í á eigin forsendum þar sem fagmennska starfsmanna er í fyrirrúmi.

21 Öryggisvörður – öryggistrúnaðarmaður

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna, koma í veg fyrir heilsutjón vegna vinnuumhverfisins og að sjá til þess að unnið sé eftir viðbragðsáætlun skólans.

Öryggisnefnd hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsfólks og er í samstarfi við Vinnueftirlitið og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Í öryggisnefnd sitja öryggisfulltrúi og öryggisvörður leikskólans. Nefndin hittist að minnsta kosti tvisvar á ári og fer yfir öryggisatriði er varða húsnæði og garð leikskólans. Leikskólastjóri gegnir starfi öryggisvarðar. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingum til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf og unnið er að lagfæringu fljótt og örugglega

Áfallaráð

Áfallaráð er til staðar í leikskólanum.

Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þegar um slys er að ræða er til staðar í leikskólanum. Öll slys og minniháttar óhöpp (slys) eru skráð.

Brunaæfingar

Brunaæfingar fara fram einu sinni á ári og rýmingaráætlun er til staðar í skólanum.

22 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru tveir á ári þar sem leikskólinn er lokaður. Aðrir skipulagsdagar eru teknir fyrir utan vinnu og eru ýmist kvöldnámskeið eða ráðstefnur en þá eru fengnir fræðimenn með fyrirlestra og námskeið fyrir starfsmenn.

23 Lokaorð

Skólanámskrá leikskólans Vinaminnis er leiðarvísir starfsmanna skólans að menntastarfi barnanna. Hún vísar veginn að settum markmiðum skólans, grunnþáttum menntunar, Barnasáttmálanum og menntastefnu Reykjavíkurborgar.